

SIRKUS

RVK

10. FEBRÚAR 2006 | 6. VÍKA

SIGURSÆLASTI HAFNFIRÐINGUR Í HEIMI

BORGARSTJÓRNIN 2030

**BÖRNIN
STJÓRNA
BORGinni**

HEKLA DÖGGJÓNSDÓTTIR
Í UPPÁHALDI HJÁ DOBRT

SIGURJÓN MARTEINN
JÓNSSON ER FRÆGASTI
STUÐNINGSMÁÐUR
ÍSLANDS. HANN ER FH-
INGUR EN FYRST OG
FREMST HAFNFIRÐINGUR.

+ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

NILFISK Á ELLEFUNNI Í KVÖLD

ROKKARARNIR Í NILFISK VERÐA MED TÓNLEIKA Á ELL-
EFUNNI Í KVÖLD. DRENGIRNIR SEM GÁFU ÚT HÁGÆÐA
PLÖTU FYRIR JÓLIN LOFA REYKVIKINGUM MIKLU STUÐI.

„Við ætlum að rokka aðeins upp í borgarbú-
um,“ segir Svenni, trommari rokkhljómsveitar-
innar Nilfisk. Þeir félagar frá Suðurlandi ætla að
spila fyrir gesti Ellefunnar. Ellefan er mekka
roksins í Reykjavík um þessar mundir og eflaust
bíða fjölmargir spenntir eftir að heyra í þeim Nil-
fisk-drengjum. Strákarnir byrja fjörið klukkan
22:00 og það er frítt inn.

Þegar blaðamaður hringdi í Svenna var hann
nývaknaður og hann viðurkenndi fúslega að það
væri ekki mikið rokk í því að vakna á hádegi á
Stokkseyri en þó skárna en á Eyrabakka.

Rokkhundarnir gáfu út sinn fyrsta disk fyrir
jólin, don't run after you own apples, og hafa
hlotið mikið lof gagnrýnenda. Þeir félagar eru á
leiðinni til Danmerkur næsta sumar þar sem
þeir ætla allir að setjast á skólabeck og læra
hljóðtækni. „Ætli við tökum ekki hljóðnemann
með okkur,“ segir Svenni rólegur og yfirvegaður.

Að lokum bauð blaðamaður Svenna að segja
eithvað rokk að lokum; „Tunglið er jafn langt frá
mér og þér,“ sagði trommarinn geðþekki.

HH

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Að þessu sinni mælum við með því að þið
landsmenn góðir skellið ykkur í hina einu
sonnu Nauthólsvík, strönd sem er sjarmerandi
svo sómi er að. Takið með ykkur teppi, bjór og
samlokur og þá er stundin komin. Kannski er
vit í því.



Ekki láta deigan síga í jaðarsportinu, eða öllu
heldur ísakstri, MX eða Enduro. Ekki hugsa
„þetta er ekki fyrir mig“ fyrr en þú hefur próf-
að það. Þetta er keppnisíþrótt og því er um að
gera að athuga hvort það býr ekki undir niðri
smá villingur í þér. Ef þú ert spenntur og ert
að hugsa „þetta er eithvað fyrir mig,“ kirtu þá
endilega á þessa síðu: motocross.is. Jaðari-
þróttir eru málið í dag.



Við mælum með daðri, daðri, og enn meira
daðri. Daður er nýjasta tíska og hvað þá
nýjasta tækni, tökum fugladansinn og höfum
gaman af. Það eru allir að tala um að rómantik
og deitmenning séu dauð, látum þetta
blómstra og byrjum á daðrinu, síðan koma
dinnerarnir og viti menn, rakettur og rósir eru
teknar við.



DON'T RUN AFTER YOUR OWN
APPLES ER FYRSTA BREIÐSKÍFA
PEIRRA NILFISKMANNA.

EFNI 4 –

Elisabet Thorlacius getur sprautað munnvatni
undan tungunni.

6-7 – Djöfull ertu mikið tippi

8-9 – Siggí er sigursælasti Hafniríðingur heims

10 – Hekla Dögg er í uppáhaldi hjá Dorrit

12 – Dansarinn Jóhann Freyr Björgvinsson opnar dyrnar


14 – Undanúrslit í spurningakeppni dyravardanna

16-17 – Borgarstjórnin ár 2030

18 – Grissomgengið er komið til að vera

26-28 – Allt sem þú vilt vita um menningar-
og skemmtanalífið í Reykjavík

31 – Villi WRX snýr aftur og fer í sprej tan



SIRKUSÁVARPIÐ

SAKLEYSINGJARNIR SEGJA SANNLEIKANN

Nú styttist í borgarstjórnarkosningarnar og frambjóðendur eru á hverju strái. Þú hittir ekki mann á förnun vegi án þess
að hann mæli með frænda sínum eða frænku sem er í framboði. Á morgun fer prófkjör Samfylkingarinnar fram og hafa
frambjóðendur verið iðnir að undanförmu við að mæta í spjallþætti og benda á hvað mætti fara betur í stjórn borgarinn-
ar. Allar hugmyndirnar eru einseitar og klisjukenndar. Það sama var uppi á teningnum hjá sjálfstæðis- og framsóknar-
mönnum í þeirra prófkjörum – allir settu fram hugmyndir sem höfðu heyrst áður en aldrei verið framkvæmdar. Samfél-
agið hefur mótað þessa pólitíkusa sem eru orðnir fastir í sama fari. Sirkus RVK brá hinsvegar á það ráð að fá ómótaða ein-
staklinga úr Austurbæjarskóla til þess að finna lausnir við ýmsum meinum sem hrjá okkar fallegu höfuðborg. Hugmyndir
þeirra voru háleitar og sumar hverjar fáránlegar, en allar voru þær skemmtilegar. Börnin vilja til dæmis fá launþega til að
vinna kauplaust til að greiða niður skuldir borgarinnar. Launþegar þessir myndu vitaskuld fá mat frá borginni en ekki
meira en það. Er það ekki allt sem við þurfum? Jú, kannski þurfum við fót líka en ef ég þekki þessa litlu borgarfulltrúa
rétt þá myndu þeir nú skaffa vinnugalla á liðið.

Það verður gaman að vera aldraður þegar þessi krakkar komast til valda. Maður fær þá allavega að borða.

Sólmundur Hólm

365

SIRKUS

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már
Sigurðarson

Kynningarstjóri: Guðmundur
Arnar Guðmundsson

Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson,
sirkusauglýsingar@365.is

Umsjónarmaður: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður
Ella Jónsdóttir.

Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina
tók Valli af
Hafniríðingnum
Sigurjóni Martelni
Jónssyni.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



GYLLTI KÖTTURINN

50 - 70%

BAZAR Í FULLUM GANGI Á NEDRI HÆÐ

OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR EINNIG SUNNUDAGA

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 101 REYKJAVÍK 5340005




SIRKUSMYND - STEFÁN

ELÍSABET THÓRLÁCIUS
HÉLT UM SÍÐUSTU HELGI AFAR VEL
HEPPNAÐ SKEMMTIKVÖLD Á
PRAVDA SEM BAR YFIRSKRIFTINA
„DIRTY NIGHT@PRAVDA.“ SIRKUS RVK
YFIRHEYRÐI ÞESSA UMDEILDU
NÆTURDROTTNINGU.

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Viljiði í guðs almáttugs bænum allir sem einn!
Hættið að plokka á ykkur augabrúnirnar þar
til ekkert er eftir. Það er og hefur aldrei verið
töff og hana nú. Augabrúnir eru fallegastar
eins og þær eru, ef ykkur langar að laga þær
til (við breytum þeim ekki) þá um að gera að
hafa samband við fagaðila.



Nú er nóg komið, það er gjörsamlega pínlegt
að horfa upp á þessa mannvösku. Ekki fá
ykkur kisu bara af því að kettlingar eru svo
sætir. Það er fullt hús og miklu meira en það
hjá Kattholti. Þetta er þjóðinni til skammar,
hugsið þetta vandlega og takið læðurnar úr
sambandi.



Við viljum að sem flestir og helst allir geri sér
grein fyrir því að til þess að gerast DJ eða
plötusnúður þá er því miður alls ekki nóg að
geta skipt um diska og kalla sig DJ Jón eða DJ
Gunnar. Þetta krefst eilítið meira, þetta verður
að vera gott en ekki rétt sleppa. Við viljum
dansa við góða tónlist, við viljum DJ sem kann
að þeyta skífum eins og maður.

GET SPRAUTAÐ MUNN- VATNI UNÐAN TUNGUNNI

YFIRHEYRSLAN

ER DAVÍÐ ODDSSON SEXÍ? (SPURNING SAMIN AF GEIR ÓLAFSSYNI)

Nei, ég get ekki sagt það.
Gerir voða lítið fyrir mig.



LÍNA LANGSOKKUR EÐA EMIL Í KATTHOLTI?

Lína Langsokkur, hún er svo
fjörug og skemmtileg.



EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR EINN MANN Í MANNKYNSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ, HVER YRÐI ÞAÐ?

Johnny Depp auðvitað.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-ÍÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Það var ekki merkilegt SMS.
„Hvadda gera?“ frá systur
minni.



BYRÐU YFIR EINHVERJUM SÉR- STÖKUM HÆFILEIKUM?

Ég get sprautað munnvatni
undan tungunni, það er ekki á
hvers manns færi.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR TENGDARMÖMMU, HVER YRÐI FYRIR VALINU?

Ætli mamma hans Johnny Depp yrði ekki
hin fullkomna tengdamóðir.

UPPÁHALDS RAUÐHAUSINN ÞINN?

Kristinn vinur minn. Hann er einn af þessum
rauðhærðu sem er í afneitun.

EF ÞÚ VÆRIR STRÁKUR, HVADA NYLONGELLU MYNDIRÐU VILJA VERA MEÐ?

Ég myndi vilja Steinunni. Mér finnst hún
mjög flott og koma vel fyrir.

HVERNIG MYNDIRÐU HAGA AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?

Ljóshærð, fyndin og skemmtileg stelpa í leit
að sætum fola. Fábjánar mega ekki svara
þessari auglýsingu

HEFURÐU SPÁÐ Í ÞAÐ AÐ FÁ ÞÉR TATTÚ MEÐ NAFNI KÆRASTANS?

Nei, ég hef aldrei þælt í því.

UPPÁHALDS EUROVISION LAGIÐ ÞITT?

Það var lagið hans Páls Óskar, Minn hinsti dans.

FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR AÐ VINKONA ÞÍN EIGI SÆTARI KÆRASTA EN ÞÚ?

Nei, ég á nú ekki kærasta en ef svo
væri þá þætti mér enginn sætari.



SKIPTIR STÆRD MÁLI?

Já, hún skiptir máli! Stelpur sem
segja að svo sé ekki gera það til að
láta grey drengjunum líða betur.

EF ÞÚ SÆIR VIGDÍSI FINNBOGADÓTTUR VERA AÐ KELA VIÐ DAMON ALBARN NIÐRI Í BÆ, MYNDIRÐU ÞÁ HRINGJA Í HÉR OG NÚ OG SEGJA ÞEIM FRÁ OG FÁ SMÁ AUKA- PENING?

Nei, sennilega ekki. Ég myndi ábyggilega fá
svo mikið sjokk að sjá þau saman að ég hefði
eflaust ekki rænu á því að hringja.

HVADA FRÆGA BÖGGARÐU ALLTAF Á DJAMMINU?

Ég legg það ekki í vana minn. En ég hef hins
vega oft strítt Pétri Jóhanni því ég þekki hann
reynndar aðeins.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLENDA!

Hafa foreldrar þínir gengið inn á þig í mið-
um ástarleik?

ELDRAUÐA EMMA KYNDILBERI ANARKISMANS

„Hetjan mín er Emma Goldman,“ segir Örvar Þóreyjarsón Smárason, meðlimur hljómsveitarinnar múm. „Hún var ótrúleg baráttukona í Bandaríkjunum í lok níttjándu- og byrjun tuttugustu aldarinnar. Hún var einn af kyndilberum anarkismans, barðist fyrir réttindum kvenna og ferðaðist um Bandaríkin og hristi upp í fólki.“ Örvar hefur kynnt sér sögu Emmu og fylltist áddáun á þessu kjarnakvendi. „Ég las ævisögu þessarar konu síðastliðinn vetur og varð uppnúmin af henni. Hún sat margoft í fangelsi, í frægasta skíptið fyrir morðið á McKinley Bandaríkjaforseta, sem hún var reyndar saklaus af. Á endanum var hún rekin úr landi fyrir að mótmæla fyrri heimstyrjöldinni,“ segir Örvar sem hefur skýr framtíðarplön. „Þegar ég verð stór ætla ég að verða eins og hún.“



ELDRAUÐA EMMA ER HETJA ÖRVARS.



HETJAN MÍN

ELDRAUÐI ÖRVARS.

**FALLEGA INNRÖMMUÐ AUGU
ALLT AÐ 5X MEIRA ÁBERANDI**



NÝR

**MASTERPIECE
MASCARA**

**Byltingarkenndur bursti
sem þekur auðveldlega
hvert og eitt augnhár
jafnvel þau allra
minnstu.**

MAX FACTOR

THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

www.medico.is

„DJÖFULL ERTU MIKIHÐ TYPPI“

EINS OG ÞIÐ VITIÐ, LESENDUR GÓÐIR, ÞÁ ELSKAR SIRKUS RVK AÐ FÁ AÐ VITA HVAD STELPUR Hafa AÐ SEGJA. VIÐ VILJUM KOMAST INN Í HUGARHEIM ÞEIRRA, FÁ SMÁ SLÚÐUR OG JAFNVEL GEFA STRÁKUM SMÁ HINT UM HVAD ÞEIR GERA RANGT OG HVAD MEIKAR SENS, EF ÞAÐ ER EITTHVAÐ SEM MEIKAR SENS SEM ÞEIR GERA. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ SJÖ SPRÆKAR STELPUR ÚR MENNTA-SKÓLANUM VIÐ SUND TIL AÐ KOMA OG LÉTTA Á HJARTA SÍNU.



SARA LIND, 18 ÁRA NEMI Í MS. Á LAUSU NÚNA EN Á TVEGGJA ÁRA SAMBAND AÐ BAKI.

ANNA MARÍN, 18 ÁRA NEMI Í MS. BÚIN AÐ VERA Á FÖSTU Í TVÖ ÁR.



PATTRA OG MARGRÉT Í FÍLING.



STEINUNN OG ÞÓRA Hafa GAMAN AF UMRÆÐUNUM.



STELPURNAR SKELLA UPP ÚR YFIR HRIKALEGUM MÚVUM STRÁKA.



PATTRA, MARGRÉT, STEINUNN, ÍRIS OG ÞÓRA Á GÓÐRI STUNDU.



ANNA MARÍN OG PATTRA.

Stelpurnar safnast hver af annarri í partið, þær eru ólíkar en eitthvað bera þær sem segir manni að þær séu miklar vinkonur. Hópurinn er rötgróinn því þær hafa þekkt síðan úr gaggó, Árbæjarskólanum réttara sagt. Þær eru kátar yfir þessu uppátæki og stutt er í hláturinn.

Við hefjum kjaftatörnina á því að kynast, renna yfir þessi beisik atríði en ekki er langt í að við erum komnar út í strákana, okkar uppáhald.

OF MASSAÐIR EKKI MÁLIÐ

Eruð þið fyrir einhverjar sérstakar strákatýpur?

Steinunn: Það eru kannski mismunandi skoðanir á þessu en eitt viljum við ekki og það eru hnakkar, hnakkatýpur og aflitað hár.

Þóra Hrund: Ekki Gillzenegger og Fazmo-gæjarnir, þeir eru ekki málið.

Pattra: Ég er alls ekki mikið fyrir hnakkatýpur.

Sara Lind: Já vá, ég held við getum verið sammála um það.

Íris Rós: Þeir verða nú samt að vera soldið massaðir.

Steinunn: Já, auðvitað vill Íris það, kærastinn hennar er soldið þannig.

Íris: Já, enda vil ég ekkert annað.

Stelpurnar glotta og gefa Írisi auga.

Pattra: Fyrir mig þá verður hann að vera með skegg og alls ekki of massaður.

Steinunn: Já vá, ég er sammála, svona þriggja daga skegg er flott.

Pattra: Ekki verra ef það er dekkri týpan, dökkt hár, brún augu og það allt.

Íris Rós: Það er nú ekkert týpa, meira kannski útlit.

Anna Marín: Nei í alvöru, úff, ég vill akkúrat öfugt, ljós-hærða og alls ekki með skegg.

Margrét Ósk: Eins og Haukur, kærastinn hennar.

Þær skella allar upp úr.

Anna Marín: Já, eins og hann, hann er sætur?

SILVÍA NÓTT ER MÁLIÐ

Fyrst við erum svona heitar í umræðunni um heita gaura eins og Gillzenegger og Fazmóa verðum við að snúa okkur að hinu kyninu. Hvað segja þær um Silvíu Nótt, er hún að meika það? Hópurinn skellir upp úr og það er einróma stuðningur í garð Silvíu Nóttar, stelpurnar eru greinilega heitir aðdáendur dívunnar sjálftrar.

Sara: Við erum allar sammála um að hún á að fara út í Eurovision.

Steinunn: Já, ekki spurning, ekkert annað kemur til mála.

Þóra Hrund: Ef hún fer ekki út horfa pottþétt færri á þetta.

Margrét Ósk: Nú, svo er náttúrulega þessi hálfviti sem er að kæra, hann er að senda inn 5 lög í keppnina, sem eru svo bara svo ógeðslega léleg að enginn nennir að hlusta á þau, hann er bara að skíta á sig.

Þóra Hrund: Öll lögín sem hafa komið síðustu ár eru eitthvað svo týpísk og hafa ekki meikað neitt.

Íris Rós: Já, ég meina ef hún vinnur er fólk bara að fíla hana í tætlur, það þýðir ekkert að vera hneykslaður.

Steinunn: Það er bara virðingavert hvað hún er búin að slá í gegn, hún er líka alveg að ná til breiðs hóps, það er ekkert lítil hópur sem er að fíla hana.

Pattra: Já, ég meina Maggi pabbi var að fíla þetta, honum fannst þetta gæðveikt sniðugt.

FESTIST Á HRINGTORGÍ Í KEFLAVÍK

Er metró að vera herra Ísland?

Margrét Ósk: Ef herra Ísland er ekki glataðasti gaur sem ég hef séð þá veit ég ekki hvað, það má skrifa þetta.

Þóra Hrund: Já, ég meina, fer á limmu á djammað í Keflavík og festist svo á hringtorginu, hvers konar auli er þetta?

Pattra: Já, er það ekki þannig að það fylgir því ákveðinn standard að vera með titilinn, hann er að gera svo asnalega hluti og er eitthvað svo glataður og ósmekklegur herra Ísland. Hann á að vera elegant og sjarmerandi.

Margrét Ósk: Er maður ekki strax orðinn glataður þegar maður fer í Herra Ísland?

Anna Marín: Nákvæmlega.

Stelpurnar skella upp úr.

Steinunn: Já, hann skrifar undir samning um það sem hann ætlar að gera og brýtur hann svo og fer í fýlu af því það er eitthvað sagt við því.

MARGRÉT ÓSK.
18 ÁRA NEMI Í
MS. Á LAUSU.

STEINUNN GRÓA.
18 ÁRA NEMI Í MS.
Á LAUSU.

ÍRIS RÓS. 18 ÁRA NEMI Í MS.
HEFUR VERIÐ Á FÖSTU Í FJÖGUR ÁR.

„FYRST ER KYNLÍFIÐ TEKIÐ FYRIR,
ÞÚ VEIST, ÞAÐ NÁNASTA OG SVO AÐ
KYNNAST OG ATHUGA HVORT
MAÐUR EIGI EITTHVAÐ SAMEIGIN-
LEGT, ALLT Í VITLAUSRI RÖÐ.“

ÞÓRA HRUND.
18 ÁRA NEMI Í
MS. Á LAUSU.

PATTRA SRIYANONGE. 18 ÁRA
NEMI Í MS. Á EITT TVEGGJA OG
HÁLFS ÁRS SAMBAND AÐ BAKI
OG ER Á FÖSTU NÚNA.



SKÁL, STELPUR.

HEITAR UMRÆÐUR STELPNANNA RÓAST NIÐUR.

ALLT SPURNING UM AÐ RÍÐA, RÍÐA, RÍÐA.

Þurfa strákar ekkert að taka sig á í tiskunni?

Margrét Ósk: Nei, er það, mér finnst þeir flottir.

Íris Rós: Nei.

Anna Marín: Íslenskir strákar eru mjög vel klæddir.

Steinunn: Sammála því.

Pattra: Sumir eru vel klæddir en það fer eftir týpunum.

Steinunn: Brjáluð tískufrík eru samt leiðinleg.

Þóra Hrund: Það er ekki flott.

Steinunn: Strákar mega samt algjörlega taka sig á í deitmenningunni.

Sara Lind: Já, það er engin deitmenning á Íslandi, ekkert líkt Sex and the City. Þar er þetta bara snilld.

Íris Rós: Það er allt bara spurning um að ríða, ríða, ríða.

Margrét Ósk: Já, hvað er það?

Íris Rós: Það byrja allir á röngum stað.

Steinunn: Fyrst er kynlífið tekið fyrir, þú veist, það nánasta og svo að kynrast og athuga hvort maður eigi eitthvað sameiginlegt, allt í vitlausri röð.

Pattra: Þetta er svo skrtin leið til að kynrast, allavega finnst mér ekki alveg málið að sofa hjá strax á fyrsta deiti eða eftir fylliri, maður myndi bara sjá eftir því daginn eftir. Það getur varla verið gott að sofa hjá einhverjum þegar maður er fullur og man síðan ekki eftir því daginn eftir. Maður á að njóta kynlífsins, ekki að reyna að rifja það upp daginn eftir.

PÍKA EÐA TYPPI

Er orðið pika grófara en typpi?

Steinunn: Nei, er það?

Sara: Jú, mér finnst það.

Anna Marín: Mér finnst það ekkert niðrandi

Steinunn: Þú segir ekkert oj maður, djöfull ertu mikið typpi.

Þóra Hrund: Það passar ekki, það er mjög bjánalegt að segja það.

Sara Lind: En af hverju ekki?

Steinunn: Er það ekki bara vaninn, ég meina, þú ert svo mikil pika, það hefur örugglega verið skrítið fyrst.

Sara Lind: Við þurfum bara að koma þessu í gang.

Pattra: Það er ekkert ógeðslega leiðinlegt, bara sætt eða eitthvað, allt annað en að segja djöfulsins pika ertu!

Íris Rós: Að vísu notum við orðið typpaostur.

Sara Lind: Það eru heltanaðir hnakkur sem keyra um á gulri Hondu Civic og blasta Scooter í botn.

GÆJAR SYNGJA TIL AÐ HÖSSLA

Hafið þið lent í einhverjum ömurlegum viðreynslum?

Steinunn: Já, við höfum nú heyrð nokkur.

Þóra Hrund: Já, það er allavega ekki málið þegar strákar eru farnir að syngja fyrir mann. Ég er alltaf að lenda í því, ótrúlegt en satt.

Sara Lind: Pikköplínur eru náttúrulega bara glataðar.

Anna Marín: Sammála, mér finnst pikköplínur bara fyndar.

Steinunn: „Ert þú ungfrú Eyjar?“ slær klárlega öll met.

Íris Rós: Já, ertu að grínast?

Þóra Hrund: Fólk breytist líka svo geðveikt á Þjóðhátíð, allir að keppast við að fá sér að ríða og ekkert er sparað í hrikalegum pikköplinum.

Steinunn: „Vilt þú verða númer fimm í röðinni?“ Hversu heillandi er það?

Sara Lind: Sjött hvað það er hrikalegt.

Íris: Já, algjör hryllingur.

Margrét Ósk: Já, það er mjög spes að spyrja hvort maður ætli að vera númer fimm í röðinni, þá ertu auðvitað algjörlega búinn að klúðra málunum.

Pattra: Já, það er stundum hlægilegt þegar menn eru að reyna svona glatað múv, sérstaklega þegar maður kíkir kannski niður í bæ alveg edrú og það kemur einhver alveg helölvður að reyna við mann, það er alveg magnað. Setningar eins og: „Sæl. Ég heiti Óli, gleður þig að kynrast mér?“ Hrikalegt.

Steinunn: En um daginn lenti ég í því að fá ljóð, það var bara fyndið og gaman.

Sara Lind: Já, ég á þau meira að segja ennþá.

Íris: Já, þessi ljóð voru náttúrulega bara snilld.

Við ákveðum að láta þetta nægja í bili, ekki það að við séum uppiskroppa með umræðuefnin því þessar stelpur hafa svo sannarlega gaman af því að rökræða og pæla í hlutunum. Vá hvað það er gaman að vera stelpa og spjalla um heima og geima allan daginn. Það eru sko algjör forréttindi.

SEJ

SIGURSÆLASTI HAFN

SIGURJÓN MARTEINN JÓNSSON ER EINHVER HARÐASTI FH-INGUR Í HEIMI. HANN HEFUR ÞÓ EINNIG BROTIÐ ODD AF OFLÆTI SÍNU OG HRÓPAÐ HVATNINGARORÐ TIL HAUKAMANNA EN GLEÐI HANS FELST FYRST OG FREMST Í ÞVÍ AÐ MÆTA Á LEIKINA OG UPPLIFA SPENNUNA. ÞAÐ HEFUR ENGINN STUÐNINGSMÁÐUR FAGNAÐ JAFNMÖRGUM TITLUM OG SIGGI.



SIGGI ER ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐUR Í FRÍSTUNDUM.




SIGGI SEGIR MIKILVÆGT AÐ MENN SLAPPI AF.



KANN ILLA VIÐ AÐ TAPA

„Ég kynntist Sigga þegar ég var að spila með FH,“ segir Hörður Magnússon, fyrrverandi leikmaður FH og íþróttafréttamaður.

„Hann var alltaf jákvæður en tók nærri sér ef við töpuðum og maður fann til með honum. Það var samt alltaf gott að hafa hann nálægt sér og fyrir leiki var hann alltaf mjög jákvæður. En hann er mjög tapsár og þótt maður væri oft svekktur sjálfur þurfti maður oft að hugga Sigga,“ segir Hörður. Hann minnst þess þegar FH-ingar voru upp á sitt besta í handboltanum og man þá sérstaklega eftir vinskapi hans og Bergsveins Bergsveinssonar. „Áður fyrr var hann meira í handboltanum en hefur á seinni árum fært sig yfir í fótboltann í meira mæli.“ Þegar Hörður er spurður hvort Siggi heldur sig ávallt við sigurliðin svara hann hlæjandi: „Mér finnst það bara skynsamlegt hjá honum. Þetta er rosalega góður og tilfinningarrikur náungi.“



Blessaður,“ segir Sigurjón Marteinn Jónsson kampakátur þar sem hann tekur á móti blaðamanni á sambýlinu að Blikaási í Hafnarfirði. Sigurjón, betur þekktur sem Siggi FH-ingur, er sigursælasti Hafnfirðingur í heimi.

BYRJAÐI Í KÖRFUBOLTA

Siggi er kátur og honum er svo sannarlega ekki illa við að láta taka myndir af sér. Hann stillir sér upp fyrir ljósmyndara eins og fagmaður. Enda eru þær ófáar myndirnar sem hafa birst af honum í blöðunum þar sem hann fagnar með Hafnfirskum meisturum. Móðir hans er á staðnum og segir hún að Siggi hafi alla tíð verið mikill íþróttamaður og leikinn með bolta. Hann byrjaði feril sinn í íþróttum á að spila körfubolta með Haukum undir handleiðslu Ingvars Jónssonar. Það var svo um 1990 sem Siggi varð gjörsamlega hugfanginn af handboltafróttinni. Þá voru FH-ingar með sannkallað gullaldarlið í handknattleik og Siggi fylgdi þeim hvert á land sem var. Þegar blaðamaður segir Sigga að hann ætli að tala við Bergsvein Bergsveinsson og spyrja hann út í kynni þeirra glaðnar heldur betur yfir okkar manni. „Já Beggi,“ segir hann og slær sér á lær. Bergsveinn var markvörður gullaldarliðs FH í handbolta og tóks með þeim mikill vinskapur.

FYLGIR FÓLKI MILLI LIÐA

Siggi er FH-ingur en hefur þó einnig veitt Haukamönnum stuðning, þá aðallega í kvennahandboltanum. Ekki hafa allir verið þar hrifnir af flakki hans milli liða og þegar Siggi fer út í búð koma menn gjarnan að máli við hann

og spyrja hverju það sæti að hann sé farinn að styðja Hauka. Aðstandendur Sigga segja hann taka þessar athugasemdir afar nærri sér. Hann mæti fyrst og fremst á leikina til að styðja sitt fólk – og sigra. Oftar en ekki eru þetta FH-stúlkur sem fara yfir í Hauka og Siggi styður vita-skuld sitt fólk þó svo að það skipti um lið. Hann fylgdi Bergsveini Bergsveinssyni til að mynda yfir í Aftureldingu á sínum tíma og voru það gullaldarár kjúklingaveldisins. Í hjarta sínu er Siggi þó alltaf FH-ingur en fyrst og fremst er hann Hafnfirðingur. Sigursæll Hafnfirðingur. Þar sem dollurnar eru, þar er Siggi.

FIRÐINGUR Í HEIMI



SIGGI SÝNIR OKKUR MYNDINA AF SÉR OG SCHWARZENEGGER.

SIRKUSMYND – VALLI

HITTI SCHWARZENEGGER

Inni í herbergi Sigga eru fjölmargar myndir af honum með frægu fólki. Mest eru þetta myndir frá verðlaunaafhendingum þar sem Sigg er fremstur í flokki. Þó slæðast inn myndir af honum með skemmtikröftum á borð við Jónsa og Ladda. Það sem vekur hvað mesta athygli blaðamanns er þó mynd af honum með fylkisstjóranum og hasarmyndahetjunni Arnold Schwarzenegger. Þeir hittust á ólympíuleikum þar sem Sigg var að keppa. Á sömu mynd má sjá glitta í forseta vorn, Ólaf Ragnar Grímsson. Sigg er ekki einungis vinur landsliðsmanna heldur er hann landsliðsmaður sjálfur. Hann iðkar bocchia í Firðinum og einnig hefur hann látið til sín taka í langhlaupum.

ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐURINN SIGGI

Sigg er þó ekki bara ípróttamaður, heldur er hann einnig ípróttafréttamaður. Hann les ípróttasíður Morgunblaðsins vandlega og segja starfsmenn sambýlisins það vera hans uppáhaldsblað. Eftir að hafa lesið ípróttafréttir sest hann niður og skrifar ípróttafréttir á blöð sem eru á borðinu hans. Ljósmyndari Sirkuss bendir Sigga á að hann gæti vel sómt sér sem ípróttafréttamaður innan 365 samsteypunnar. Hann er líka mikill aðdáandi ípróttafréttamanna. Þar eru þeir Bjarni Fel og Gaupi í sérflokki og kastar hann kveðju á þá hvar sem hann sér þá. Hann hefur meira að segja nokkrum sinnum horft á leiki úr fréttamannastúkum vallanna og unað sér þar vel.

ALDREI AÐ GEFAST UPP

Eftir að Sigg hefur brugðið á leik fyrir ljós-

myndara gefur hann sér tíma til að setjast niður og spjalla. „Ég held með Chelsea,“ segir hann þar sem hann hefur tyllt sér í brúnan leðursófa. Hann segir að starfsstúlka á sambýlinu sé kærasta Eids Smára og vekur það mikil hlátrasköll nærstaddra. Hann er pollrólegur og lætur ekkert á sig fá þó að einhver blaðamaður sé að spyrja um hans hagi. Hann er með það á hreinu hvernig spila á til sigurs. „Það sem

BESTI SONUR BÆJARINS

„Þetta er einn af bestu sonum bæjarins,“ segir Lúðvík Geirsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar. „Virðilega skemmtilegur og hress strákur. Seinni ár hefur það verið hans hlutverk að fagna meira með Haukum svona yfir vetrartímann en FH-ingum á haustin. Þannig að það hefur verið mikið að gera hjá Sigga. Hann hefur líka notið þess í hvívetna, það er nú kosturinn við hann að hann er alltaf með hjartað á réttum stað,“ segir Lúðvík. Þeir félagar Lúðvík og Sigg hafa mæst í kappleikjum. „Honum hefur farið fram á flestum sviðum nema það að ég er betri en hann í bocchia. Síðast þegar við kepptum þá tók ég hann. Mér skilst samt að hann æfi stíft fyrir næstu víðureign,“ segir Lúðvík sem býður spennur eftir því að takast á við Sigga á bocchia-vellinum. „Við erum mikið mátar og föðumust þegar við hittumst.“



skiptir máli er að gera sitt besta og gefast aldrei upp,“ segir Sigg og veit vel um hvað hann er að tala. „Svo verða menn líka að slappa af,“ segir hann og telur það mikilvægt að menn haldi ró sinni inni á vellinum. Talið berst að landsliðsþjálfaranum fyrrverandi, Viggó Sigurðssyni. „Maður á ekki að rífa kjaft við dómarrann. Það er alveg bannað,“ segir Sigg og hefur sterkar skoðanir á því.

HRIFINN AF ÍSLENSKUM DÆGURLÖGUM OG IDOL

Sigg er ákafur tónlistarunnandi og hlustar mikið á íslensk dægurlög. „Hverjir eru í uppáhaldi?“ „Laddi, Raggi Bjarna, Ómar Ragnarsson, Bjöggi Halldórs og Jónsi,“ svarar hann. „Ferðu oft á tónleika?“ „Já, já, já, auðvitað. Og Idolið líka,“ svarar Sigg sem á sér uppáhaldskeppanda þar. Hann þarf að gefa sér örstutta stund með tilheyrandi andvörpum til að rifja upp nafnið á henni en allt í einu smellur það. „Já, það er Ragnheiður,“ segir hann og brosir. Þar á hann við Ragnheiði Söru sem hefur slegið í gegn í Idol stjórnuleit. Sigg hefur farið nokkrum sinnum í Smáralindina og horft á keppendur Idolsins þenja raddböndin og notið þess í botn.

FADMLAG Í NESTI

Þá er komið að því að kveðja þennan yndislega FH-ing. Sigg fylgir blaðamanni til dyra sem segir honum að hann sé á leið til Reykjavíkur. Stingur Sigg þá upp á því við móður sína að hann skreppi líka til Reykjavíkur. Hún segir það verða að biða betri

HLUSTAÐI Á BJÖGGA HALLDÓRS OG SÖNG

„Hann er góður félagi og toppstuðningsmaður,“ segir Bergsveinn Bergsveinsson sem er einn af betri vinum Sigga. „Hann lifir sig eins og menn gera best inn í leikinn, stundum fullmikið kannski.“ Samskipti Bergsveins og Sigga voru mest þegar Bergsveinn var í FH í gamla daga. „Svo þegar ég fór yfir í Aftureldingu fékk hann að koma með á eina og eina æfingu í mánuði. Þá fórum við í bíltúr, hlustuðum á Bjögga Halldórs á leiðinni upp eftir og sungum saman. Hann fékk að velja plötur þegar við fórum í Mosfellsbæinn. Svo var Ómar Ragnarsson líka í uppáhaldi og skemmtikraftar eins og Halli og Laddi.“ Bergsveinn tekur það ekki nærri sér að sjá Sigga styðja Hauka. „Nei nei, þetta er eins og gengur og gerist. Hann býr náttúrulega þarna uppi í Áslandi og það er erfitt fyrir hann að vera alltaf að þvælast upp í Kaplakrika. Hann fylgir svo yfirleitt þeim sem vinna, þetta er ekkert flókið,“ segir Bergsveinn og hlær. „Hann fær samt að heyrja það hjá mér. Ég tala nú ekki um ef ég mæti honum í Haukabúningnum, þá hleypur hann í felur. Ég man að einu sinni var hann búinn að panta Haukagalla og ég frétti af því. Svo stoppaði ég hann úti á götu og spurði hann út í þetta og hann sagði mér að þetta væri bara lygi. Kannadist ekkert við það,“ segir Bergsveinn kíminn. „Ég man þegar hann kom fyrst til FH. Ef maður var á erfiðri þrekæfingu þá gat maður alltaf dregið Sigga inn á gólf og sprellað. Hann gat alltaf séð spaugilegu hljóðmar á hlutunum.“ Það er eitt atvik sem Bergsveinn hefur gaman af að rifja upp. „Þá vorum við að spila við Val héna uppi í Kaplakrika og við töpuðum og Valsmenn urðu deildarmeistarar. Þá fór ég að leita að Sigga eftir leikinn og sá að hann var kominn á bakvið þá og var að gera sig kláran. Hann sá fram á að þeir fengju titilinn og þá var hann bara horfinn,“ segir Bergsveinn og álásar vini sínum það alls ekki.



tíma. Blaðamaður kveður og fær í veganesti innilegt faðmlag frá Sigga og slíkt verður aldrei metið til fjár.

Sólmundur Hólm Sólmundarson.

VINSÆLL HJÁ ÍPRÓTTAFÓLKI

„Já, hann er mjög sigursæll,“ segir Harpa Melsted, fyrirlíði Íslandsmeistara Hauka í handknattleik kvenna. „Hann er mikill FH-ingur en hefur verið með annan fótinn á Ásvöllum líka, sérstaklega á úrslitakeppnum,“ segir hún. „Mér finnst hann alveg yndislegur. Ég man sérstaklega eftir einu atviki þegar við vorum að spila rímu gegn IBV og okkur gekk ekkert of vel. Þá kom hann til mín alveg hágrátandi og faðmaði mig. Ég tók það svo nærri mér að ég lofaði honum að við myndum standa okkur betur næst.“ Harpa fagnar því að Sigg sé farinn að mæta í stúkur Haukanna. „Etlí það sé ekki bara skemmtilegra að vera þar sem sigramir eru fleiri. Hann er náttúrulega klárlega FH-ingur inn við beinið en fyrst og fremst Hafniróingur. Okkur hefur gengið vel í handboltanum síðustu ár og mér finnst bara frábært að hann skuli koma og styðja okkur líka. Það er æðislegt að sjá hann þarna fremstan í flokki. Ég held að öllu ípróttafólki þyki ákaflega vænt um Sigga. Hann er bara partur af þessu, sama hvort það eru Haukar eða FH,“ segir Harpa. „Etlí þú að vinna deildina fyrir hann í ár?“ „Já, að sjálfsgöbu gerum við okkar besta.“



UPPÁHALDSLITAKONA DORRIT MOUSSAIEFF

HEKLA DÖGG JÓNSDÓTTIR ER LISTAKONA SEM HEFUR LANGA REYNSLU AÐ BAKI ÞRÁTT FYRIR UNGAN ALDUR. HÚN ER MIKILSVIRT OG HLAUT Á DÖGUNUM EINA AF SÍNUM STÆRSTU VIÐURKENNINGUM ÞEGAR FORSETAFRÚIN BENTI Á HANA Í TIMES MAGASINE.

„Ég er hérna í vettvangsferð á Spáni að skoða aðstæður fyrir sýningu sem ég er að taka þátt í,“ segir Hekla Dögg Jónsdóttir listakona þegar blaðamaður nær tali af henni þar sem hún brunar milli fjallgarða á Spáni.

Hekla hefur hlotið ómælda athygli fyrir list sína. Nú síðast var hún í The Times þar sem Dorrit Moussaieff lofaði verk hennar. Forsetafrúin nefndi í blaðinu nokkrar framtakssamar kjarnakonur sem eru Íslandi til sóma að hennar mati. Þetta voru sex konur; Nína Magnúsdóttir, stýra Klink og Bank, Ingibjörg Pálmadóttir athafnakona, Tinna Gunnlaugsdóttir leikkona, Rannveig Rist, forstjóri ISAL, Steinunn Sigurðardóttir og svo Hekla Dögg listakona.

SÝNIR Í VATNSHÝSI

Þegar við náðum tali af Heklu var hún sem fyrr segir stödd á Spáni í vettvangsferð að skoða aðstæður fyrir sýningu sem verður þar í sumar. Þetta er einn hluti af sýningu sem heitir Sidetations sem Myndafélagið hefur verið að skipuleggja með fimm öðrum löndum. Fyrir þá sem hafa áhuga á að fræðast eilítið meira um þessa sýningu þá er allt um Sidetations-sýningar á slóðinni www.sitetations.org/senseinplace/ og því um að gera að kíkja á hana. Við förum að spjalla um þetta prógramm og hún útskýrir að þetta sé skiptiprógramm og að sýningarstjórnin á hverjum stað velji myndlistarmenn til að sýna. Hekla er ekki eini Íslendingurinn sem tekur þátt í sýningunni því Guðjón Ketilsson myndhöggvari verður einnig með verk þar. „Hann er frábær ferðafélagi. Þetta er mjög gaman, æðislegt að vera hérna. Við erum að skoða tvo staði til að halda sýningarnar á. Svona grafhýsi, ekki vatnstankur eins og við þekkjum, heldur eitthvað svipað sem vatn var geymt í. Þetta er svona gamalt vatnshýsi ef svo má segja. Við eigum að vinna með staðinn hérna,“ segir Hekla.

ALLT Á HVÍNANDI SNÚNING

Verkefnið á Spáni er ekki það eina sem er í vændum hjá Heklu. „Ég er náttúrulega með sýningu í gangi í Listasafni Reykjavíkur núna, Þýskalandi eftir nokkrar vikur og eftir það er ég að sýna í Kanada. Þegar það er komið legg ég aftur af stað til Spánar til að halda þessa sýningu. Þar verð ég í tvær vikur að vinna verkefnið og gera allt tilbúið. Opnunin verður í maí, þannig að það er nóg að gera, allt á fullu, já svo er ég að fara að kenna upp í Listaháskóla í febrúar. Úff, það er bara allt á hvínandi snúning,“ segir Hekla Dögg og hlær.

HÁMENNTUÐ Í LIST

Hvernig byrjaði þetta allt saman, hvernig varðstu svona þekkt? „Þetta byrjaði allt saman á því að ég fór á listabraut í Fjölbraut í Breiðholti. Ég ætlaði að athuga hvernig mér líkaði þetta og líkaði svo vel að ég ákvað að halda

áfram í myndlist. Leið mín lá í Myndlista- og handíðaskólann árið 1991 og útskrifaðist þaðan árið 1994. Þaðan fór ég í eitt ár í Staatliche Hochschule für Bildende Kunst in Pýskalandi, og eftir það tók ég mér ársleyfi frá skóla og sótti um skóla í Bandaríkjunum. Árið 1996 fór ég í nám í California Institute of the Arts í Los Angeles, ég hafði góða tilfinningu fyrir þeim skóla. Ég sótti um fjóra skóla en tveir af þeim voru í Los Angeles, það var ekki borgin sem ég sóttist eftir en orðspor skólans var gott. Það höfðu margir vel þekktir listamenn verið í þessum skóla og útskrifað þaðan. Listamaðurinn Mike Kelley sem ég hélt voðalega mikið upp á á þessum tíma var til að mynda í þessum skóla en þessir skólar eru að vísu alltaf í bylglum. Ég var í skólanum í þrjú ár og líkaði mjög vel, útskrifaðist með tvö próf eiginlega, eitt BFA og svo MFA-próf, eins og þeir kalla það í Bandaríkjunum,“ segir Hekla Dögg.

FLAKKAR MILLI NEW YORK OG REYKJAVÍKUR

„Eftir skólann dvaldi ég í LA í eitt ár en kom heim í lok ársins 2000. Ég var í nokkur ár svona á milli Reykjavíkur og Los Angeles en er núna á milli Íslands og New York, en ég þekki New York ekkert súpervel en soldið. Ástæðan fyrir þessu flakki er nú bara persónuleg og ekkert vinnutengt þannig séð. Ég vil líka halda tengslum við fólk sem ég kynntist og allt það,“ segir listakonan sem hefur stundað myndlistarnám á Íslandi, í Þýskalandi og í Los Angeles.

„DORRIT ER FRÁBÆR, HÚN ER MIKILL STUÐNINGMAÐUR KLINK OG BANK OG KLING OG BANG. HÚN KOM ÞANGAÐ MJÖG OFT MEÐ LISTAÁHUGAFÓLK, FÓLK SEM SAFNAR MYNDLIST OG KÚRATORA [SÝNINGARSTJÓRA]. HÚN VAR MJÖG DUGLEG AÐ KOMA REGLULEGA Í HEIMSÓKN.“

Á LISTAMANNALAUNUM

Ein klassísk spurning, lifir þú á listinni? „Öll mín vinna tengist listinni, aftur á móti er launamunur á þessu. Það er hægt að segja að vinnan mín snúist öll um myndlist en ég get ekki alveg séð fyrir mér með því að vera bara listamaður. Ég var svo heppin að fá starfslaun núna, listamannalaun. Það þýðir að ég get einbeitt mér betur að þeim sýningum sem eru framundan og það er náttúrulega alveg frábært. Annars ertu þess á milli alltaf að taka að þér ýmis verkefni, þótt það sé alltaf gaman taka þau tíma frá verkunum mínum. Þannig að ég var mjög heppin með það, það gefur mér alveg þetta ár til að sinna þessu.“



HEKLA DÖGG, LISTAKONAN SJÁLF.

DORRIT FRÁBÆR

Dorrit lofaði þig í Times núna fyrir stuttu. Hvernig kanntu við hana?

„Dorrit er frábær, hún er mikill stuðningmaður Klink og Bank og Kling og Bang. Hún kom þangað mjög oft með listaáhugafólk, fólk sem safnar myndlist og kúratora [sýningarstjóra]. Hún var mjög dugleg að koma reglulega í heimsókn, þar var ég náttúrulega með stúdíó en núna er búið að loka, ekkert hús lengur. Dorrit hefur keypt nokkur verk eftir mig, það er náttúrulega alveg frábært, frábært að fá hjálp við að rúlla boltanum“ segir Hekla Dögg stolt í bragði.

FRANKFURT-FLOPPIÐ

Eitt að lokum. Nú hefur þér gengið vel í listinni. Það hlýtur samt að vera eitthvert flopp?

„Kannski að þetta sé einhver eiginleiki heilans að gleyma þessu slæma, af því að ég man ekki eftir neinu svona þínlegu atriði á opnun. Aftur á móti man ég eftir fullt af þínlegum atriðum daginn fyrir opnun, en á opnunardaginn hef ég alltaf verið þökkalega sátt, allavega svo ég muni. Þó er eitt sem ég man eftir. Þá var ég með gjörningu í Frankfurt fyrir svona tíu árum síðan, staðsetning var bar og þar voru oft haldnar uppakomur. Ég uppgötvaði svo að gjörningurinn átti ekkert heima á þesum stað. Hann bara fúnkeraði ekki nema í gallerí, ekki á bar. Þetta var lærdómur þar sem ég lærði að verk virka ekki hvar sem,“ segir Hekla Dögg og sláum við botninn í þetta spjall þar sem hún og Guðjón hafa í miklu að snúast vegna undirbúnings sýningarinnar á Spáni. SEJ



FIREWORKS FOR LA, ÞETTA ER SKÚLPTÚR ÁSAMT HLJÓÐUM EFTIR LISTAKONUNA.




FIREWORKS FOR LA.



PERFECT MOMENT.



TÖFRAR.



Ertu tímabundin/nn?

Við sækjum bara bílinn!

• Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti
• Rúðupurkublöð • Rafgeymar • Dekkjahótel • Sækjum og sendum

-20%

afsláttur

af heilsárs -og vetrardekkjum

-25%

afsláttur

af vinnu við smur

BÍLKÓ
bilko.is

VISA MasterCard Vaxtalausar léttgreiðslur!

- Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

HVERNIG?


TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS ER MIKIÐ FYRIR AÐ LÁTA FÓLK OPNA FYRIR SÉR DYRNAR. AÐ ÞESSU SINNI ER ÞAÐ JÓHANN FREYR BJÖRGVINSSON SEM SÝNIR OKKUR ÍBÚÐINA SÍNA. ÞAÐ FÉLL SVO Í SKAUT IDOLSTJÖRNUNNAR HILDAR VÖLU AÐ REYNA AÐ ÁTTA SIG Á HVERNIG MANNESKJA BYGGI Í ÍBÚÐinni.

ELDHÚSIÐ

Svart og hvítt. Gólfíð er það sem fyrst vekur athygli manns, afar hressandi. Voða fint og stílhreint. Þarna eru eflaust lagaðir margir góðir kaffisöpparnir. Engin merki um börn eða annan barnaskap.



„Ég er bara algjör miðbæjarrotta,“ segir Jóhann Freyr Björgvinsson dansari sem sýnir okkur íbúðina sína að þessu sinni. Hann býr á Framnesvegi í 101 Reykjavík ásamt manni sínum, Fjalari Ólafssyni. „Það er svo gott að vera í 101 í gamalli íbúð, íbúðin hefur mjög sterkan karakter, það er allt upprunalegt, fjalarnar og rósettur í loftinu, allt frá því að húsið var byggt,“ segir Jóhann en nýbúið var að gera íbúðina upp þegar hann keypti hana fyrir tveimur árum. Þeir Jóhann og Fjalari búa þó ekki einir í íbúðinni og ráða í raun engu á heimilinu. Valdið er í höndum Fróðós sem er chihuahua-hundur. „Hann er algjör hershöfðingi sem stjórnar heimilinu.“ Jóhann og Fjalari versla helst í Borð fyrir tvo og Tekkhúsinu og þeir leggja aðallega áherslu á að það sé notalegt og kósí heima hjá þeim. Þeir vilja ekki að það sé of „moderne“, frekar einfalt en fallegt. „Ég var svo heppinn með þessa íbúð, ég lá heima með bullandi hita, fárveikur og sá þessa íbúð auglýsta í blaðinu, staulaðist til að skoða hana og keypti hana strax. Þetta var bara íbúðin mín,“ segir Jóhann glaður í bragði. Jóhann er fjölhæfur ungur maður sem hefur í nógu að snúast því hann er dansari, danshöfundur og pilateskennari. Óhætt er að segja að listin sé rík í hjarta Jóhanns. „Í augnablikinu er ég að vinna í sýningu í Borgarleikhúsinu sem heitir Hungur og er eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsóttur Bachmann. Hungur verður frumsýnt 18. febrúar næstkomandi.“



ÞETTA SAGDI
HILDUR VALA



BORDSTOFAN

Björt, falleg og smekkleg, ekkert óþarfa þrjál. Engir óþarfa litir. Viður og rómantík. Borð og stólar, drykkir og glös í tréskáp, list og blóm. allt það sem góða borðstofu þrýðir. Listaverkið setur svip á annars látláust umhverfi. Mér verður hugsað til Danmerkur, líklega er það gólfíð sem leiðir mig þangað.



SETUSTOFAN

Enn er það svart og hvítt. Fallegt og huggulegt. Kertaljós og loðdýr. Flott loftljós og stofuborðið er mjög skemmtilegt. Áreiðanlega notalegt þarna í sófanum á síðkvöldum með litla loðdýrið í fanginu.



LOKANIDURSTAÐA

Ég ímynda mér að þetta sé íbúð í gömlu húsi í Þingholtunum. Og ég giska á að þarna búi kaffidrekkandi kvenkyns dýravinur, með gott auga fyrir smekklegheitum. Barnlaus kona sem ekki safnar drasli eða litum, og hefur alltaf fint og huggulegt hjá sér. Kannski dansari eða flugumferðarstjóri. Veit ég ei, en veit þó að ég gæti vel hugsað mér að búa í þessari íbúð.

12

Það er gott að spara! Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjárfestir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn hlutabréfa.

SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af sölubókun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleiða hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

*Nafnávöxtun miðað við 01.08.2005–01.01.2006 á ársgrundvelli.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is



VERÐBRÉF



Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þessa fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv.lögum nr.30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðs lýsingu hjá SPRON Verðbréfum.



HAFFI



GUSSI



KANN EKKI Á TALHÓLFID

Ómar Ragnarsson er með krúttlegt talhólf.

„Já, þetta er Ómar Ragnarsson. Ég var að taka þennan síma í notkun og veit ekkert hvort ég kann að fara inn á talhólfid og hlusta á skilaboðin. Hinn síminn minn er 699 XXXX. Og svo er ég náttúrulega líka með skilaboðaskjóðu. En semsagt, þetta er ég og ég ætla svona að sjá til hvort ég get hlustað á talhólfid í þessum nýja síma sem er 892 XXXX. Takk fyrir bless.“

Ómar er alltaf hress og það vantar ekkert upp á það í þessari talhólfskveðju. Hann hlær að klaufahætti sínum sem fylgir nýja símanum enda breyskur maður. Þetta er skemmtilegt talhólf en það eina sem hægt er að finna að því er að sá sem hringir veit í raun ekkert hvort skilaboðin komast til skila.

TALHÓLF FRÆGA FÓLKINS...



HAFFI Á PRIKINU VS. GUSSI Á ÓLIVER

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐA

ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ UNÐANÚRSLITUM Í HINNI ÆSISPENNANDI SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐANNA. Í FYRRI UNÐANÚRSLITA-ÞIÐUREIGNINI MÆTAST ÞEIR HAFFI OG GUSSI. SVO EFTIR VIKU MÆTAST ÞEIR HJÖRTUR Á TRAFFIC OG KRUMMI Á SÓLON.



1. HVER SÖNG TITILLAGIÐ Í KVIKMYNDINI THE BODYGUARD FRÁ ÁRINU 1992?

Haffi: Whitney Houston.

Gussi: Whitney Houston.

2. HVADA ÁR LÉST JÓN PÁLL SIGMARSSON? A) 1989, B) 1991, C) 1993 EÐA D) 1996

Haffi: 1993.

Gussi: 1993.

3. HVERS LENSUR ER DAVID HASSELHOFF, SEM SLO Í GEGN Í ÞÁTTUNUM UM STRAND-VERÐI?

Haffi: Hollenskur.

Gussi: Er hann þýskur?

4. Í HVADA STJÖRNUMERKI ER SÁ SEM ER FÆDDUR 14. JÚLÍ?

Haffi: Ljón.

Gussi: Ljón.

5. FRÁ HVADA LANDI ER JEAN-CLAUDE VAN DAMME?

Haffi: Belgíu.

Gussi: Hann er belgískur.

6. HVER VAR ELSTI MEÐLIMURINN Í SPICE GIRLS?

Haffi: Mel B.

Gussi: Geri.

7. HVAD HÉT SKEMMTISTAÐURINN ÞAR SEM NÚ ER SÓLON AÐUR EN HANN FÉKK NÚVERANDI NAFN?

Haffi: Hús Málarans.

Gussi: Hús skáldsins.

8. HVADA LIÐ VARÐ FYRST TIL AÐ VINNA ENSKU ÚRVALSDEILDINA Í KNATTSPYRNU?

Haffi: Manchester United.

Gussi: Manchester United.

9. HVAD ERU HANSON-BRÆÐURNIR MARGIR?

Haffi: Tveir.

Gussi: Þrír.

10. HVER ER FADIR NÚVERANDI HERRA ÍSLANDS?

Haffi: Viggó Sigurðsson.

Gussi: Viggó Sigurðsson.



5



6



8



GOLDIE LOKKIN CHAIN Á NASA

Hljómsveitin Goldie Lokkin Chain spilar hér á landi í kvöld, á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Plötusnúðurinn Danni Deluxe sér um upphitun. Húsið opnar klukkan 21 og hefjast tónleikarnir klukkutíma síðar. Goldie Lokkin Chain kemur frá Wales og hefur komið á óvart hvað varðar sviðsframkomu og ferskleika. Síðan hljómsveitin komst á samning hefur hún gefið út tvær plötur og meðal annars tvö lög frá þeim orðið vinsæl hér á landi, Guns Don't Kill People Rappers Do og Your Missus is a Nutter. Endilega gerir ykkur glaðan dag og skellið ykkur á skemmtilega tónleika á föstudagskvöld á Nasa. Miðar fást í verslunum Skifunnar í Reykjavík og BT á Akureyri og Selfossi. Einnig er hægt að fara inn á midi.is eða event.is.



2

SVÖR:
1. Whitney Houston 2. 1993 3. Bandarískur 4. Krabbi 5. Hann er frá Belgíu 6. Geri (Ginger Spice) 7. Hús málarans 8. Manchester United 9. Þrír 10. Viggó Sigurðsson.



Það var Gussi sem bar sigur úr þytum að þessu sinni og fer því áfram í úrslitaviðureignina. Hann hlaut 7 stig en Haffi 6 stig. Mjótt á muninum hjá þessum mögnuðu kollegum.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

SKEMMTILEGAR EN GAGNSLAUSAR UPPLÝSINGAR

Heimasíðan epguides.com er gagnagrunnur með öllum sjónvarpsþáttum sem sýndir hafa verið í Bandaríkjunum. Það má vel vera að þetta séu algerlega gagnslausar upplýsingar en þó jafnast ekkert á við það að vera staddur í góðu partíi og slá um sig með einhverjum fáránlegum fróðleik um bandaríska sjónvarpsþætti. Þennan fróðleik færðu á epguides.com sem er heimasíða sem segir Sex, and the city til dæmis.



ALLIR SJÓNVARPSÞÆTTIR BANDARÍKJANNA.



BÆÐI ÞAÐ SEM GERIST Í DAG OG GERDIST FYRIR ÁRATUGUM SÍÐAN.

SIRKUSTVÍFARAR



GUÐBERGUR BERGSSON



MR. BURNS

Tvífara vikunnar að þessu sinni eru rithöfundurinn Guðbergur Bergsson og illkvittni yfirmaðurinn úr Simpsons, Mr. Burns. Það er erfitt að finna eitthvað líkt með þeim félögum utan útlitið. Þó er óhætt að segja að báðir hafi þeir verið umdeildir – Guðbergur fyrir ritverk sín en Mr. Burns fyrir skítlegt eðli. Guðbergur Bergsson má engu að síður teljast mun merkilegri maður en Burns enda hefur hann það fram yfir hann að vera af holdi og blóði.

TYGUR PATAAL

MEÐ
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á midi.is

Alvöru tívolí, stór dýragarður og fleira frægt fólk Efst á baugi hjá börnunum var að fara yfir það sem þeim finnst vanta í borgina okkar.

STRÁKARNIR (HÆGRI-RAUÐIR) UM ÞAÐ SEM VANTAR Í BORGINA:

„Það vantar lest og hestvagna,“ segir Þorvarður Bjarni ákveðinn. Þá voru strákarnir á því að það þyrfti stórt tívolí sem væri opið allt árið um kring. Þá voru þeir á því að það vantaði alvöru dýragarð með ljónum og flum og fleiri framandi dýrum. Einnig vildu þeir félagar fá stórt sædýrasafn með hákórlum og háhyrningum.

STELPURNAR UM ÞAÐ SEM VANTAR Í BORGINA:

„Það vantar risagosbrunn,“ er það fyrsta sem Iðunn borgarstjóri telur vanta og hinar stelpurnar taka heilshugar undir. „Ég vil fá galdrabókasafn,“ segir Ester Olga. Svo finnst þeim öllum vanta meira af mjög frægu fólk í Reykjavík og vilja helst fá hingað kóng frá Noregi og frægasta söngvara Kína, svo eitthvað sé nefnt. Allar eru þær harðar á því að í borgina vanti stóra höll fyrir kóng og drottningu eins og í öðrum löndum. Auk þess þyrfti mikið af riddurum og rosastóra hunda fyrir höllina sem þær vilja fá. Þá vilja þær stelpur fá Disneyland og Legoland í borgina.

SELJA DÓT Á TOMBÓLU TIL AÐ MINNKA SKULDIR BORGARINNAR

Það verður að ræða skuldastöðu borgarinnar sem er eitt af hitamálum kosninganna. Blaðamaður sagði börnunum óábyrgt frá því að Reykjavíkurborg skuldar næstum þúsund milljónir. Krakkarnir tóku andköf og hófu að ræða málin.

STRÁKARNIR (HÆGRI-RAUÐIR) UM SKULDIRNAR: Við teljum best að þeir sem vinna fyrir borgina núna vinni frítt í nokkur ár svo það sé hægt að nota þá peninga sem fara í að borga þeim til að borga niður skuldir. Í staðinn fái þeir frítt að borða. Skorri taldi einnig sniðugt að selja dót á tombólu en aðeins með mjög dýru dótí svo hægt væri að fá mikinn pening. Þá taldi hann einnig skynsamlegt að Reykjavíkurborg fengi allan pening af dósasöfnun sem gæti skilað mörg hundruð milljónum í kassann að hans sögn.

STELPURNAR UM SKULDIRNAR: Þær vilja einnig skera niður hlut borgarstarfsmanna. „Við viljum lækka laun þeirra sem vinna fyrir borgina á meðan skuldirnar eru borgaðar. En svo þegar

búið er að borga allt þá ætlum við að gefa þeim hærri laun. Stelpurnar tóku undir allar sem ein en fannst þó skrítið að borgin skuldaði pening. Sérstaklega þar sem hún á svona fínt hús eins og Ráðhúsið.

BURT MEÐ FLUGVÖLLINN OG BYGGJA NÝJAN ÞAR SEM ENGINN Á HEIMA

Börnin höfðu öll ótrúlega sterkar skoðanir á flugvallarmálunum. Og vildu öll láta færa hann nema Iðunn Pálsdóttir borgarstjóri sem vill halda sem fastast í flugvöllinn í Vatnsmyrinni og vill ekki sjá það að hann fari.

STRÁKARNIR (HÆGRI-RAUÐIR) UM FLUGVALLARMÁLIÐ: Þorvarður Bjarni er mjög heitur þegar rætt er um flugvallarmálin. „Ég vil láta rífa þennan flugvöll strax og byggja þar fullt af húsum. Í staðinn vil ég láta byggja nýjan flugvöll á Seltjarnarnesi þar sem vitinn er. Flugvöllur þar myndi ekki trufla neinn.“ Strákarnir taka heilshugar undir orð Þorvarðar Bjarna. Þó vill Kolbeinn Sæmundur byggja flugvöll á Miklatúni og strákarnir hlæja mikið.

STELPURNAR UM FLUGVALLAMÁLIÐ: Ester Olga er orðin þreytt á flugvélum sem vekja hana þegar hún er farin að sofa. „Ég vil fá flugvöllinn þangað sem enginn býr. Alveg sama hvert, bara burt, helst mjög langt í burtu.“ Stelpurnar eru allar sammála nema Iðunn sem hálfpartinn fer í fýlu og krefst þess að fá að skila séráliti um flugvallarmálið. „Ég vil hafa hann þarna,“ sagði borgarstjórinn og var ekkert að orðlengja það neitt meir.

RÍKU MENNIRNIR EIGA AÐ BYGGJA LEIKSKÓLA

Dagvistunarmálin komu næst upp. Þegar blaðamaður ræddi við krakkana um biðlista á leikskóla verður þeim sumum hverjum heitt í hamsi.

STRÁKARNIR (HÆGRI-RAUÐIR) UM BIÐLISTA Á LEIKSSKÓLUM:

Drengirnir gera sér grein fyrir því að það er ekki hægt að byggja endalaust af leikskólum. Þeir telja þó brýnt að fjölga þeim. Þeir komu sér saman um að líklega væri best að ríka fólkíð léti byggja leikskólana. Þá fengi það í staðinn að láta kalla leikskólana eftir sér. Það væri ábyggilega gaman að vera á leikskóla sem héti eftir Eiði Smára eða eitthvað slíkt.

STELPURNAR UM BIÐLISTA Á LEIKSSKÓLUM:

Því miður áttaði blaðamaður sig ekki á svari stúlkanna, þrátt fyrir að reyna láta þær útskýra sitt mál sitt. Hugmyndirnar voru svo háleitar að ekki reyndist unnt að koma þeim á blað.

STELPURNAR HLYNNTAR SÚLUSTÖÐUM, STRÁKARNIR VILJA BRENNNA ÞÁ

Þrátt fyrir að krakkarnir eru ekki gamlir er mesta furða hversu miklar og sterkar skoðanir þeir hafa á súlustöðunum. Það kom Sirkus RVK á óvart að strákarnir eru algjörlega á móti stöðunum en stelpurnar vilja leyfa þeim að starfa áfram en þó undir ákveðnum skilyrðum.

STRÁKARNIR (HÆGRI-RAUÐIR) UM SÚLUSTADI Í REYKJAVÍK:

Strákarnir vildu allir sem einn láta rífa þessa ógeðslegu staði eins og þeir kölluðu þá. Og þeir karlmenn sem sækja svona staði gætu bara farið til útlanda og horft á þennan viðbjóð. „Það er asnalegt að stríppa við stöng og það er dónalegt að sýna sig eins og stelpurnar gera á súlustöðunum,“ sögðu drengirnir meðal annars.

STELPURNAR UM SÚLUSTADI Í REYKJAVÍK:

Stelpurnar voru hlynntar því að leyfa strippstaði. „Þær mega alveg dansa ef þær langar. En þær verða þó að vera í pilsí og mega ekki sýna á sér rassinn. Það er dónalegt,“ sögðu stelpurnar ákveðnar en virða þó konurnar sem vinna þessi störf.

FORDÓMAR MEÐ ÖLLU ÓPOLANDI

Fordómar gagnvart krökkum af erlendum uppruna er vaxandi vandamál í grunnskólum Reykjavíkur ef marka má fréttir og viðtöl. Blaðamaður ræddi þessi mál stuttlega við börnin og það skipti engu hvort rætt var við drengina í strákalistanum hægri rauðum eða við stelpulistann. Bæði stelpur og strákar fordæmdu slíkt og sögðu óþolandi þegar ekki væri borin virðing fyrir krökkum, sama hvort þeir væru frá Íslandi eða einhverju öðru landi.

Krakkarnir voru allir sammála um að borgaryfirvöld eiga að gera eitthvað í þessum málum. Og fræða þá krakka sem eru að stríða.

HH



STELPULISTINN FRÁ VINSTRI: IÐUNN, ESTER OLGA, VIJONA, ÞÓRUNN DÍS OG EMILÍA MARÍA.

BÖRNINGIN STJÓRNA



STELPULISTINN FUNDAR.



DAGUR KÁRI?



BORGARSTJÓRINN IÐUNN PÁLSDÓTTIR VILL HAVA FLUGVÖLLINN Á SÍNUM STAÐ EN FÁ RISAGOSBRUNN Í BORGINA.

HÆGRI RAUÐIR: EFRI RÖÐ FRÁ VINSTRI. JAKÚB CLARK, ÞORVARÐUR BJARMI, GYLFI, KOLBEINN SÆMUNDUR, ÖRN BJARNAR, GUÐMUNDUR PÁLL OG GABRÍEL. NEDRI RÖÐ: ARON LÚIS, SKORRI OG ÍSAR HELGI.



VINKONURNAR ESTER OLGA, VIJONA OG ÞÓRUNN DÍS.



VINIRNIR GYLFI OG ÞORVARÐUR BJARMI.



STRÁKARNIR SLAPPA AF.



EINBEITTI BORGARFULLTRÚAR.



BORGINN

ÞAÐ HEFUR EKKI FARIÐ FRAMHJÁ NEINUM AÐ ÞAÐ ERU BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR Í VÆNDUM. FLOKKARNIR SEM BJÓÐA SIG FRAM KEPPAST UM AÐ LOFA BÆTTUM HAG Í ÞÁGU ÞEGNANNA. SIRKUS RYK BRÁ SÉR UPP Í AUSTURBÆJARSKÓLA, SMALAÐI SAMAN FIMMTÁN KRÖKKUM Á ALDRINUM SJÖ TIL NÍU ÁRA OG SKUNDAÐI MEÐ ÞAU Í RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR. ÞAR RÆDDU KRAKKARNIR UM HEITUSTU BORGARMÁLIN, ALLT FRÁ SKULDASTÖÐU BORGARINNAR TIL SÚLUSTAÐA. ÁKVEÐIÐ VAR AÐ SKIPTA BORGARFULLTRÚNUM Í TVO FLOKKA, ANNARS VEGAR STRÁKAFLOKINN HÆGRI RAUÐA EINS OG ÞEIR VILDU KALLA HANN OG HINS VEGAR STELPUFLOKINN.



EINLÆGUR ARON LÚIS.



SKIPTAR SKOÐANIR VORU UM HEITUSTU MÁLIN.

THE GRISSOM GANG SAMANSTENDUR AF FJÓRUM STÚLKUM ÚR MYNDLISTARDEILD LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS. ÞÆR HAFNA NÚ OPNAÐ SÝNINGU Í GALLERÍ GYLLINÆÐ SEM STENDUR YFIR FRAM Á SUNNUÐAG. VERKIN Á SÝNINGUNNI ERU ÖLL NÝ OG MJÖG ÓLÍK, ÞÆR HAFNA ÓLÍKA NÁLGUN Á VIÐFANGSEFNI SITT OG NOTA ÓLÍKA MIÐLA Í SKÖPUN SINNI. ÞÆR HAFNA EKKI ÁKVEÐIÐ FYRIR HVAF NAFNIÐ Á HÓPNUM STENDUR, EN ÞAÐ ER ALLAVEGA KOMIÐ TIL AÐ VERA, SEGJA ÞÆR. SIRKUS RVK LEIT INN Á SÝNING-UNA HJÁ STÚLKUNUM OG FÉKK AÐ SKOÐA ÞAÐ SEM ÞÆR HAFNA VERIÐ AÐ GERA.

GRISSOM-GENGIÐ ER KOMIÐ TIL AÐ VERA



TEXTI: SÓLMUNDUR HÓLM MYNDIR: STEFÁN



LIST ER FYRIR ALLA

„Þetta eru litlar sögur,“ segir Una sem hefur komið fjölmörgum skúlptúrum fyrir í einu herbergja gallerísins. Á ganginum hefur hún svo komið fyrir vídeoverki. „Ég er að reyna að skapa hughrif. Þetta er sjónrænt áreiti fyrir áhorfandann og hann á að reyna að búa til sína eigin sögu. Vonandi getur fólk tengt sig við þetta og fundið eitthvað hjá sér í verkunum. Ég var með ótrúlega fyndna tilfinningu þegar ég var að gera þetta og bjóst alveg eins við að fólk myndi æla á þetta fremur en hrifast. Ég er að reyna að koma á framfæri leikgleði sem fólk finnur vonandi hjá sér.“ Una segir myndlist vera lokaðan heim en því vill hún breyta. „Ég vil að þetta verði þannig að fólk þurfi ekki að vera með einhverja gráðu til þess að geta komið og skoðað og haft gaman af. Mér finnst listin komin á frekar bjánalegan stall,“ segir Una sem vonast til þess að breytingar verði á þessu á komandi árum.



SKORAÐ Á ÓPOLINMÆÐINA

„Ég var hjá Guðrúnu Einars í kúrs sem hét tilraunastofa í málverki,“ segir Raket McMahon þar sem hún lýsir tilurð verka sinna á sýningunni. „Þar fengum við að prufa okkur áfram með allskonar skemmtileg efni sem ég hef ekki fattað eða getað notað í myndum af því að ég er ótrúlega mikið fyrir teikningu og málun og þá kannski ekki alveg skúlptúr. En þetta eru skúlptúrarnir sem maður gat farið að nota og hugsað þetta soldið öðruvísi. Ég notaði gifs til að fá þetta upphleypta og fá þrívídd. Svo lék ég mér með blekið,“ segir Raket. „Ég er aðeins of ópolinmóð fyrir olíuliti. Þetta hentar mér ótrúlega vel. Ég varð fyrir þínulitum áhrifum frá Japan en svo var ég líka að heyra að fólk finnst vera nokkurskonar mexíkanskur Frida Carlo-stíll yfir þessu. Þannig að þetta er svona allt í bland. Voða alþjóðlegt eitthvað. Það er frásögn í þessu en hún skiptir kannski ekki öllu máli. Fyrir mig var það líka áskorun að takast á við þetta því ég er frekar fljótær og allt í einu var ég komin í frekar mikið dútl. Þetta snýst kannski soldið um samskipti fólks. Bara það sem ég hef gengið í gegnum, meðvirkni og bara allskonar.“

18



FRAMLEIÐSLA HUGREKKIS

„Ég hef verið að vinna að þessari hugmynd um framleiðslu hugrekkisins síðastliðin þrjú ár,“ segir Katrín þegar hún reynir að útskýra verk sín. Hún hefur komið fyrir snúningspalli úti á gólfi. Gestum sýningarinnar gefst svo færi á að setjast á pallinn og setja á sig heymartól. Pallinum er snúð og á meðan hlustar viðkomandi á hvatningarorð. Blandaður Sirkuss fékk að prófa þetta og án alls gríns leið honum mun betur á eftir. „Ég hef reynt að tjá hugmyndina gegnum silkiprykk, grafík og málverk. Svo kviknaði sú hugmynd í haust að búa til hljóðverk og skúlptúr og fólk yrði þannig hluti af því, hluti af hugrekkinu í staðinn fyrir að komast að því í gegnum myndrænt mál. Þetta er allt spurning um tengingu milli vitundar og sálar. Við kritiserum okkur svo mikið með vitundinni og gleymum að hughreysta sálina. Við höfum öll þessa sterku sál sem verður fyrir einhverjum árásum á lífsleiðinni,“ segir Katrín sem hefur heldur betur fundið leið til þess að hvetja sálina. Einnig hefur hún skapað figúru sem prýðir málverk á veggjunum og er hún að hennar sögn óskrandi af þrá í hugrekkni. Manneskja með svo fallegar en háleitar hugsjónir og hugmyndir hlýtur að vera talin skritin. „Ég hef alltaf verið talin skritin og er farin að venjast því,“ segir Katrín og hlær. „Á opnuninni tók þó fólk þessu vel og skildi hvað ég á við. Nú snýst þetta ekki lengur um mig. Um leið og búið er að koma boðskapnum til eins aðila þá er viss sigur unninn.“



BRÚ MILLI DRAUMS OG VERULEIKA

„Ég fann þessa rúmgafla á haugunum fyrir mörgum mörgum mánuðum,“ segir Eva Ísleifs sem átti hugmyndina að þessari samsýningu. „Þeir bara heilluðu mig einhverjenn, það er svo mikil saga á bakvið þá að þeir heilluðu mig. Einhver fjölskylda hefur átt þá. Svo er líka um að gera að bara nýta það sem til er í staðinn fyrir að framleiða og framleiða. Það er alltaf verið að henda alveg fullkomnum húsgögnum á haugana,“ segir Eva. Verk Evu eru fjórir rúmgaflar sem málað hefur verið á. „Þetta eru bara táknin mín, til dæmis hlutir sem ég finn, og ég fann þennan lykila á vissum tíma í lífi mínu. Annars vil ég að fólk túlki þetta sjálf og það hafi áhrif á sálina. Þessir gaflar sem eru hérna sinn á hvorum veggnum eru í raun brúin milli draums og veruleika,“ segir Eva að lokum.

ELSKRAÐU



SJÄLFAN ÞIG

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

SÍTT HÁR, SÍTT SKEGG SEGJA MÁ AÐ PROMOE SÉ SÆNSKUR RASTAFARI.



LÍFRÆNT RÆKTAÐ RAPP

FÓLK TENGIR RAPPARA OFT VIÐ HARÐAN LÍFSSTÍL. ÞÓ ERU TIL RAPPARAR SEM NEITA AÐ NEYTA KJÖTS, MJÓLKUVARA OG JAFNVEL SÆTINDA.

Harðar trommur, harðar rímur, harður lífsstíll. Eru þetta ekki kjörorð rappara? Public Enemy létu þetta allavega virka á sínum tíma. N.W.A. gerðu það einnig og sama er hægt að segja um hina látnu Tupac og Notorius B.I.G.

En þetta er ekki eina leiðin fyrir rappara til þess að láta hlutina blífa. Í nýrri kynslóð rappara leynist nefnilega hópur manna sem neita að láta kjöt inn fyrir munn sinn. Grænmetisætur. Þeir ganga meira að segja lengra en það, neyta heldur engra mjólkurvara. Hvernig er hægt að færa þann lífsstíl inn í harðan heim hiphopsins?

Þessir rapparar leggja mikla áherslu á „réttan“ lífsstíl. Fremstur í flokki þeirra er rapparinn Common. Síðastliðið sumar gaf hann út plötuna *Be* sem hann vann með hinum funheita Kanye West. Umfjöllunarefni plötunnar eru andleg og er diskurinn ákaflega mjúkur og rólegur. Common er meðlimur PETA, sem eru samtök dýravina í Bandaríkjunum. Hann hvetur hiphop-unnendur til þess að hugsa áður en þeir borða.

„Þegar ég hugsa um dýr, þá finnst mér við vera að gera mikil mistök,“ segir Common. Hann segist ekki geta drepð dýr. „Ég vil ekki taka þátt í að svipta dýr lífi sínu og misnota þau. Ég hef ekki hjarta í mér til þess.“

PROMOE – SÆNSKUR RAPPARI SEM SÖNGLAR REGGÍ

Rapparinn Promoe, forspraki hljómsveitarinnar Loop Troop sem er afar vinsæl hér á landi, er einnig grænmetisæta. Þessi sænska rappstjarna safnar hári og skeggi og lítur hálfpartinn út eins og blanda af Jesú og rastafara sem er albinói.

Á síðustu sólóplötu sinni, *Long Distance Runner*, sem kom út 2004, fjallar hann mikið um lífsstíl sinn – hvernig það er að vera grænmetisæta. Plötuna tók hann upp á Jamaíku og er hún ákaflega reggískotin.

„They call me big, they call me strong. Oh, me a vegetarian“ Á íslensku: „Þeir segja mig stóran, þeir segja mig sterkan. Ég er græn-



MJÚKUR MAÐUR COMMON TALAR ÁVALLT UM ANDLEG MÁLEFNI OG GETUR EKKI HUGSAD SÉR AÐ MEIÐA DÝR.

PLATAN BE COMMON GAF ÚT PLÖTUNA BE SÍÐASTLIÐIÐ SUMAR OG VANN HANN MEÐ HINUM FUNHEITA KANYE WEST.

metisæta,“ sönglar sænski rapparinn með sænsk/jamaískum hreim yfir reggítónlist.

BANDARÍSKIR RAPPHAUSAR LEGGJA ÁHERSLU Á AGAÐ LÍFERNI

Rappararnir og frelsissinnarnir í hljómsveitinni Dead Prez gáfu út ákaflega merkilega plötu árið 2000, *Let's Get Free*, og var fyrsta

plata sveitarinnar sem kom út opinberlega. Réttindabaráttu svartra er þeim ofarlega í huga, en þeir leggja einnig áherslu á heilbriggt og agað líferni.

„I don't eat no meat, no dairy, no sweets.“ Á íslensku: „Ég borða ekkert kjöt, engar mjólkurvörur, engin sætindi,“ rappa þessir alvöru-gefnu menn frá Bandaríkjunum.

LÉTTFÆTTIR BLÁFUGLAR



Bluebird, sem er nýstofnað dúó Karls Henrys Hákonarsonar, fyrrverandi söngvara Tenderfoot, og Kristjáns Más Ólafssonar, fyrrverandi gítarleikara Útópíu, hefur þegar vakið athygli innanlands sem utan og hefur leikið á nokkrum tónleikum í Bandaríkjunum og Reykjavík. Vakti það athygli fólks að þessi lágstemmda hljómsveit fór vestur um haf til að spila tónlist í New York. Kristján segir að ekki um neitt „meik“ hafi verið að ræða. „Við fórum út til þess að fylgja eftir áhuga plötufyrirtækja þarna úti. Meira er ekkert hægt að segja um það, þetta er eiginlega allt bara í skoðun.“

Þeir félagar hafa áður verið saman í hljómsveit. „Já, við vorum saman í Útópíu á sínum tíma. Það má segja að við séum aldavinir.“

Þá er komið að klisjunni: hvernig myndirðu lýsa tónlist Bluebird, fyrir þá sem ekki vita?

„Úfff... ég þoli ekki svona spurningar. Við getum sagt að þetta séu tveir kassagítarar og tvær raddir. „Melló“ er eiginlega rétta orðið til að lýsa þessu.“

Hljómsveitin Tenderfoot sem Karl Henry var áður í vakti mikla athygli á sínum tíma en lagði svo upp laupana. Kristján segir að Karl hafi nánast strax haft samband við sig eftir að Tenderfoot hætti. „Já, ætli það hafi ekki liðið svona tveir dagar þangað til hann hringdi í mig. Það má segja að hann hafi tekið sér helgarfrí frá tónlistinni.“



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Children Of Bodom	Oops, I did it Again
2.	Bloc Party	Helicopter
3.	Dikta	Breaking The Waves
4.	Goldie Lookin Chain	HRT
5.	The Subways	Rock N Roll Queen
6.	Shinedown	Save Me
7.	Matsyahu	King Without A Crown
8.	System Of A Down	Lonely Day
9.	Bullet For My Valentine	All These Things I Hate
10.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
11.	Fall Out Boy	Dance, Dance
12.	Weezer	Perfect Situation
13.	Foo Fighters	Resolve
14.	Nirfisk	On Display
15.	Pendulum	Slam
16.	Vax	Your Hair Is Stupid
17.	Mew	Special
18.	Anenged Sevenfold	Bat Country
19.	Arctic Monkeys	I Bet You Look Good...
20.	Reykjavík!	7 913

BLOC PARTY ERU ENN Í ÖÐRU SÆTI LISTANS MEÐ HELICOPTER.




SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	White Stripes	My Doorbell
2.	Kelly Clarkson	Gone
3.	James Blunt	Goodbye My Lover
4.	Lifehouse	Blind
5.	Chris Brown	Run It
6.	Daniel Powder	Free Loop
7.	Eminem	When Im Gone
8.	Fall Out Boy	Sugar Were Going Down
9.	Rihanna	If It's Lovin That...
10.	Darren Hayes	So Beautiful
11.	Beyonce Knowles	Check On It
12.	Neyo	So Sick
13.	Ryan Cabrera	Photo
14.	Ashlee Simpson	L.O.V.E.
15.	Fort Minor	Believe Me
16.	Eminem / Nate Dogg	Shake That
17.	Sugababes	Ugly
18.	Mary J. Blidge	One
19.	Craig David	Don't Love you No More
20.	Ampop	My Dellusions

WHITE STRIPES ERU MEÐ DYRABJÖLLUNA SÍNA Á TOPPI ÍSLENSKA LISTANS



AMERICAN IDOL
BYRJAR Í JANÚAR Á SIRKUS

JÓNSSON & LETMACKS • J11-15



VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR HEIMS ER NÚNA Á SIRKUS.
HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MED!



SIRKUS

SIGURBORG: BUXUR KRON 20.200 KR. SKYRТА GYLLTI KÖTTURINN 3.600 KR. JAKKI WHISTLES 12.900 KR. SKÓR GYLLTI KÖTTURINN 320 KR. HANSKAR GYLLTI KÖTTURINN 1.900 KR. HRINGUR GYLLTI KÖTTURINN 1.900 KR. SUNNA: SKYRТА GYLLTI KÖTTURINN 8.100 KR. PILS TOP SHOP 3.990 KR. SKYRТА GYLLTI KÖTTURINN 3.600 KR. VESTI TOP SHOP 5.490 KR. TASKA GYLLTI KÖTTURINN 2.800 KR. SKÓR GYLLTI KÖTTURINN 3200 KR.



SIGURBORG: TEYGJUR GYLLTI KÖTTURINN 100 KR. BELTI GYLLTI KÖTTURINN 1.800 KR. TASKA GYLLTI KÖTTURINN 1.800 KR. BLÚSSA WHISTLES 5.900 KR. BUXUR GYLLTI KÖTTURINN, SKÓR KRON 12.990 KR.



SUNNA: PEYSA KRON 24.900 KR. HÁLSMEN GYLLTI KÖTTURINN 1.800 KR. OG SKÓR KRON 14.990 KR. SIGURBORG: SKYRТА ALL SAINTS 8.900 KR. KJÓLL GYLLTI KÖTTURINN 5.200 KR. JAKKI ALL SAINTS 29.900 KR. SKÓR KRON 9.500 KR.

NÚ ER TÍÐIN ÖNNUR, ÚTSÖLUR BÚNAR OG NÓG AF FALLEGUM VÖRUM Í BÚÐUNUM. RÓTIÐ SAMT Í FATASKÁPNUM OG SJÁIÐ HVORT ÞIÐ EIGIÐ EKKI EITTHVAÐ GAMALT OG EINSTAKT TIL AÐ NOTA, SVONA TIL AÐ TOPPA „LÚKKIÐ“. BÚIÐ TIL KOKTEIL SEM KEMUR Á ÖVART OG ER EKKI HEFBUNDINN HVAD VARÐAR LIT OG MYNSTUR. HAFIÐ SVO GAMAN AF ÞVI AÐ STINGA Í STÚF VIÐ ÞAÐ SEM VENJULEGT GEFUR TALIST.

KOMIÐ NÓTTINNI

RÉTT AF STAÐ



SUNNA: BOLUR ALL SAINTS 4.900 KR. VESTI WHISTLES 16.900 KR. BUXUR GYLTI KÖTTURINN 8.800 KR. TEYJUR GYLTI KÖTTURINN 100 KR. SKÓR KRON 12.990 KR.



SUNNA: KJÓLL TOP SHOP 6.990 KR. BELTI GYLTI KÖTTUINN 2.800 KR. SKÓR TOP SHOP 10.990 KR. HANSKAR GYLTI KÖTTURINN 1.900 KR. HÁLSMEN GYLTI KÖTTURINN (BLÁTT) 3.200 KR. HÁLSMEN (SVART) GYLTI KÖTTURINN, TASKA GYLTI KÖTTURINN 2.800 KR. SIGURBORG: KJÓLL GYLTI KÖTTURINN 5.200 KR. BELTI GYLTI KÖTTURINN 2.800 KR. SKÓR TOP SHOP 9.990 KR. HÁRSKRAUT GYLTI KÖTTURINN 3.200 KR. HRINGUR GYLTI KÖTTURINN 1.900 KR.



VOR OG SUMAR HJÁ VALENTINO

Valentino Garavani fæddist í Milánó 11. maí 1957. Strax í barnaskóla vakti hann athygli fyrir mikla listræna hæfileika og áhugi hans á tísku vaknaði snemma. Hann tók kúrsa í tísku og lærði frönsku samhlíða því. Sautján ára gamall flutti hann svo til tískuborgarinnar París. Alla tíð síðan hefur hann vakið athygli fyrir frumlega og fallega hönnun. V-lógóið hans er frægt og vel þekkt nánast um allan heim.

Valentino Garavani, sem er eftirlæti margra í tískuheiminum, kemur manni sífellt á óvart hvað varðar fallegar flíkur og fágúð vinnubrögð. Hann er einna frægastur fyrir kjólana sína. Þeir eru draumóra-kenndir og rómantískir, æskuheitir og að margra mati óaðfinnanlega unnir. Það eru töfrar og snilli Valentinos. Að margra mati er hann eini hönnuðurinn sem sameinar franskan ísaum og fullkominn smekk í ítölskum efnum, handbragði og töfrum. Hann hefur margoft sagst vera rómantískur hönnuður og telur kjólana tilvalda fyrir konur sem vilja sýna kynþokka án þess að vera glyðrulegar. Ekki skortir á vinsældir hans hjá fræga fólkinu því margar stjórnur hafa klæðst fótum frá Valentino. Meðal annars má nefna Gwyneth Paltrow, Elizabeth Taylor, Audrey Hepburn, Sophiu Loren og Grace prinsessu af Mónakó. Í september 2001 gifti Jennifer Lopez sig og klæddist þá Valentino-brúðarkjól og einnig var Jacqueline Kennedy í brúðarkjól frá honum. Ekki vantar heldur vinsældirnar hjá honum þegar óskarsverðlaunaafhendingu ber að garði. Núna síðast klæddist Cate Blanchett fölgul-um Valentino-kjól.

Valentino kynnti nýju vor-£ og sumarlinuna 2006, Ready-to-Wear, á Fashion Week í París núna í október.

Hvíta línun hans vakti undrun og voru áhorfendur sýningarinnar einstaklega hrifnir. Það er ekkert sem jafnast á við Valentino-línu, og vor- og sumarlinan Ready-to-Wear 2006 er engin undantekning.

KJÓLAR OG GALLABUXUR



**SÆNSKU
SNILLARNIR
ACNE**

Nú fer að léttu yfir mannskapnum þar sem daginn er tekið að lengja. Febrúar er hafinn og því er kominn tími til að fara að huga að vor- og sumarlinunni 2006. Gallabuxur eru alltaf málið og algjört „must have“. Í þetta sinn á sænska fyrirtækið Acne hrós skilið, Acne Jeans hefur verið í mikilli sókn frá því það var stofnað 1997. Acne Jeans leggur mikið upp úr einföldum en mjög klæðilegum gallabuxum, bæði á karla og konur. Þær eru órlítið hærrí í mittið en buxurnar sem hafa verið vinsælar að undanförmu. Acne Jeans eru leiðandi í gallabuxnatísku og þeir eru með þeim fyrstu sem sýna niðþröngar og niðurmjóar gallabuxur. Við viljum hvetja stráka til að taka upp þann sið að vera hip og kúl í þröngum niðurmjóum buxum. Áfram strákar, be cool!! Fyrir áhugasama er heimasíða þeirra: <http://acne.se/new/>



**MARGT
ÁBERANDI
2006**

Margt er áberandi í tískuheiminum núna. Tískusýningarnar hafa verið fjölbreyttar og framúrskarandi fyrir vor- og sumarlinuna 2006. Meðal þess sem hefur verið áberandi er mynstur og hafa þekktir hönnuðir eins og Gucci, Miu Miu, Calvin Klein og fleiri verið óhræddir við að skreyta vor- og sumarkjólana með fallegu mynstri. Chloé, Oscar de la Renta og Anna Sui, ásamt öðrum þekktum hönnuðum, hafa aftur á móti lagt áherslu á rómantik og sakleysi í sinni hönnun þetta misserið. Hjá þeim hafa hvítir kjólar verið áberandi, þar sem innblástur er sóttur í rómantik og flekkleysi. Síðast en ekki síst má sjá að skyrtur hafa náð að komast í tísku, ýmist síðar eða stuttar, notaðar við buxur eða sem kjóll og þá skreyttar með belti eða öðrum fallegum aukahlutum. Þess má geta að úti í hinum virta og stóra tískuheimi er þessi still kallaður SHIRT-DRESSING. Hönnuðir eins og Prada, Stella McCartney, Marc Jacobs og Jean Paul Gaultier hafa sýnt og sannað að skyrtur eru ávallt flottar.



Rauðvínsflaskan á aðeins kr. 375 !

Verðdæmi á Cabernet Sauvignon:

ÁTVR

1 flaska (750 ml) kr. 1.190.-

Áman Reykjavík

Cabernet Sauvignon frá BIN49

16 lítra vínprúga + flöskur, tappar, miðar, hettur

Kr. 7.990 = 30 flöskur 750 ml = 1 flaska á kr. 375.-

Áman Hafnarfirði

Cabernet Sauvignon frá WineArt

5,2 lítra vínprúga + flöskur, tappar, miðar, hettur

Kr. 4.990 = 30 flöskur 750 ml = 1 flaska á kr. 288.-

Cabernet Sauvignon er mjúkt, bragðdjúpt og kraftmikið vín með fínlegu berjabragði. Cabernet vínin frá Kaliforníu eru talin þau bestu í heimi fyrir utan Bordeaux. Þetta er eðal vín, nokkuð dökkt og hentar vel með góðri steik og öðrum kraftmiklum kjötréttum.

- **Hágæða víngerðarefni**
- **Einfalt**
- **Ódýrt**

Heimsækið verslanir okkar þar sem allar upplýsingar um heimavíngerð eru veittar.

aman

**Skeifunni 11d - 108 Reykjavík - Sími: 533-1020 • Reykjavíkurvegi 64
220 Hafnarfirði - Sími: 533-3070 • www.aman.is**

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

ÞAÐ BESTA HJÁ SIRKUSFJÖLSKYLDUNNI



SIRKUS

Mánudagur kl. 20.30
KALLARNIR (3:20)

Það eru þeir Gillzenegger og Party-Hans sem eru stjórnendur Kallanna. Þeir félagar munu taka hina ýmsu karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnacka. Kallarnir fara með hina óslípuðu demanta í ljós, líkamsrækt og hárgreiðslu ásamt því að hinn eini sanni Geir Ólafs mun taka þá í kennslu í kurteisi og rómantik.



SIRKUS

Þriðjudagur kl. 20.30
IDOL EXTRA 2005/2006

Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol-Stjórnuleitina. Viðtöl við keppendurna, fylgst með þeim á æfingum og allt það sem gerist á bakvið tjöldin færð þú að sjá hér á Sirkus. Umsjón með þættinum hefur hárgreiðslumaðurinn og tiskulöggan Svavar Örn.



Föstudagur kl. 22
BLAUTT MALBIK

Hiphopþáttur í umsjón Óla T, Dóra DNA og Danna Deluxe. Þeir félagar fara í gegnum það sem er að gerast í hiphop-heiminum.



Fimmtudagur kl. 22
FUNKÞÁTTURINN

Tölvuknúin töffaratónlist í umsjón Balla Funk.



Alla virka morgna
ZÚÚBER

Það er alltaf stuð og stemning í morgunþættinum Zúúber hjá þeim Svala, Stínu, Jóhönnu og Gassa. Það er enginn óhultur þegar Gassi tekur upp símann og hringir í liðið undir fólkskum forsendum, símaöt sem enginn vill lenda í.

FM
957

HVAÐ ATLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

HESTAMENNSKA OG HEIMASETA

Að þessu sinni náðum við tali af Halla í Botnleðju sem flestir hafa séð núna nýverið á skjánum sem einn af stjórnendum Eurovision-spurningarkeppninnar. Hann ásamt Heiðu söngkonu hefur hitað okkur landsmenn upp áður en við horfum á keppnina sjálfa.


„Já, þessu verður fljótsvarað, því ég ætla bara ekki að gera neitt um helgina. Ég ætla að vera í faðmi fjölskyldunnar, í mesta lagi að við förum að sækja einn hest suður í sveit. En svo veit maður aldrei hvað gerist, það kemur bara allt í ljós. Það þarf sko ekkert að vera eitthvert prógramm til að hafa gaman. Maður er manns gaman,“ segir Halli sem hefur svo sannarlega lög að mæla.



LISTIR OG BLÁA LÓNID

Jón Atli eða DJ – Laser sem er akkúrat í þessu að setja sjampó í einhvern er hress að vanda.

„Já, hvað ætla ég að gera, ég ætla að byrja helgina á því að fara á sýningu á Gel Galleri þar sem Davíð Örn listamaður er með sýningu og Árni +1 ásamt Auxpan sjá um tónlistina. Svo á laugardaginn ætla ég auðvitað að ná í kærustuna mína upp á flugvöll og fara með hana í Bláa lónið. Hún var á tiskuvíkinni í Köben, út af því að við erum svo mikið tiskupar. Svo á laugardagskvöldið þarf DJ – Laser að þeyta plötum á Sirkus og gera allt vitlaust. Á sunnudaginn ætla ég svo að slappa af og njóta þess að vera lífandi,“ segir hinn eldhressi Jón Atli klippari.



BAKSTUR OG ÓVISSA

„Um kvöldmatarleytið á föstudaginn skottast ég upp í Útvarphús og tek upp þáttinn minn, hann Grúsk sem er á Rás 1 um helgar,“ segir Kira Kira tónlistarkona. „Að því loknu elda ég eitthvað fallett ef ég nenni. Annars reikna ég með því að vera frekar værukær, kannski poppa ég eða baka pönnukökur. Reyndar er ég nýbúin að læra fögnuðinn í því að plana aldrei neitt ef ég kemst upp með það, heldur detta bara í hitt og þetta eftir duttlungum mínum eða minna nánustu hverja stundina. Ég er nýkomin úr tónleikaferðalagi til Parísar þar sem þetta ómyndstur gaf mjög sæla raun og það er dálítið erfitt að venja sig af því. Ég er sumse líkleg til þess að skjóta upp kollinum á ólíklegustu stöðum þessa dagana. Á laugardagskvöldið er ég hins vegar búin að bjóða nokkrum hetjum með gull í höfðinu í heimsókn. Ég er búin að lofa þeim snakki í skálum og diskókúlu. Hlakka til að leysa lífsgátuna með þeim eða bara fara í standa-á-haus-keppni. Sunnudagar eru heilagir kúrdagar eins og allir vita og bannað að gera þá nokkuð annað sem vit er í, nema kannski poppa og baka pönnukökur eða hugguleg vandræði.“



SKEMMTI STAÐIR

FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR

OLIVER

Þeir sem vilja skella sér ball ættu að hafa samband við DJ Balla sem ætlar að rokka fokking húsið á Oliver á föstudagskvöldið. Endilega bregðið ykkur á ball og sturtið í ykkur einum ísköldum Mojito á dansgólfinu. Það virkar maður.



BAR 11

Það er alltaf sama rokkið á Bar 11 allar helgar. Að þessu sinni er það hljómsveitin Nilfisk sem ætlar að láta að sér kveða fyrir nærstadda. Það verður dansað og það verður drukkið. Nilfiskararnir kunna að fiska fjörið. Það er svo DJ Óli Dóri í Weapons sem spilar frá miðnætti til morguns.

CAFÉ VICTOR

Idol-stemningin á Victor verður sífellt meiri, meiri, meiri og meiri. Í tilkynningu staðarins segir að Páll Óskar fái pottþétt að koma inn bakdyramegin en hvort Ingó úr Idolinu hafi eitthvað um það að segja skal ósagt látið. Að Idolinu loknu mun svo DJ Pröstur taka við og þrasta liðið inn í nóttina.

PRIKIÐ

Töfraðu fram það besta í þér á dansgólfinu með Gísla Galdri. Hann kemur til með að spila frá miðnætti og bjóða upp á allt sem fær þig til þess að dansa, og auðvitað glansa en ekki hvað.



NASA

Það finnst ekkert gull hérlendis en öðru máli gegnir um Goldie Lookin Chain sem er með tónleika á NASA um helgina. Þetta verður að sjálfsögðu stuð og óþarfi að taka það fram. Húsið opnar klukkan níu en tónleikarnir hefjast klukkutíma síðar. Mætið andskotinn hafi það!

GAUKURINN

Á Gauknum verður ýmislegt brasað um helgina og það er nú bara þannig. Á föstudaginn mun Ókinn vera með ball en á efri hæðinni er það blessaður Frigorinn sem heldur uppi stuðinu eins og hann gerir nánast hverja helgi við góðan orðstír. Skotheld skemmtun.

SÓLON

Rapparinn og útvarpsmaðurinn Brynjar Már Valdimarsson er ekki við eina fjölinna felldur. Hann er úrvalsskífupeytir og þreytist enginn þegar Binni telur í og takturinn fær að flæða.

VEGAMÓT

Jó, jó, jó, jó, jó, jó. Út í eyjum var Einar kaldi, en á Vegamótum verður það DJ Jói sem að sér um sína og er það eitthvað sem ekki nokkur sála ætti að láta framhjá sér fara. Þannig er nú bara það. Ætli það nú ekki?

HVERFISBARINN

Hann er með stóra fætur. Hann er með gul gleraugu. Það vantar í hann tönn. Hann er risastór. Hann er fokking góður DJ. Við erum að sjálfsögðu að tala um skemmtanakónginn Kidda Bigfoot sem ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum á föstudagskvöldið.

PRAVDA

Í háskóla er gaman, þar drekka allir saman og sei sei. Þannig verður það allavega á Pravda á föstudagskvöldið þegar háskólapartí verður haldið eins og ekkert sé.

LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR

OLIVER

Það verður nóg um að vera á Oliver um helgina. Þá mun sjálfur JBK stíga á stökk með hárið vel krullað. Náttúrulegt eða ekki, þetta er allavega brjáluð stemning sem enginn heilvita maður lætur framhjá sér fara.

BAR 11

Gulli í Ósóma hefur oft en ekki spilað á Bar 11 og oft en ekki haldið uppi geðveiku stuði. Hvort tveggja verður uppi á teningnum þessa helgina þegar Gulli kemur og kippir þessu öllu í liðinn.



CAFÉ VICTOR

DJ Pröstur 3000 stimplar sig inn um miðnætti eins og nýprentaður 5000 kall. Hann verður með bestu tónlistina sem er meira en 5000 króna virði. Hvað þá 3000.

PRIKIÐ

Franz & Kristó eru mættir aftur til leiks og spila frá 21. Franzi sköllóttur en Kristó síðhærður, sameinaðir fá þeir prýðis-herraklippingu sem ætti að geta gert allt klárt áður en DJ Kári tekur við og spilar fram undir morgun. Þannig er það nú bara.



NASA

Sjálfstraust er ótrúlega mikilvægt. Það vantar ekki í hljómsveitarmeðlimi Egó sem ætla að halda miðnæturtonleika á NASA á laugardagskvöld. Verður Bubbi með kollu? Allavega ekki kollu af bjór þar sem hann drekkur ekki. En er hann fallinn? Nei, hann reykir bara.

GAUKUR

Gaukurinn hér, hvar og hvenær sem er hann er kominn í gamla formið. Það eru líka strákarnir í Jet Black Joe sem mæta á svæðið með Pál Rósinkranz og Gunnar Bjarna, fyrrverandi hljómsveitarfélagi Snorra úr Idolinu, fremsta í flokki. Það verður sko stuð. Frigore verður svo á efri hæðinni.

SÓLON

Brynjar Már verður aftur mættur til þess að trylla lýðinn. Á neðri hæðinni verður svo Andri Freyr með stuð og stemningu. Stuð, stuð, stuð.

VEGAMÓT

Hinn rauðhærði og rétt hugsandi Hermigervill verður með allt á hvínandi snúning á Vegamótum á laugardagskvöldið. Það er erfitt að halda uppi stuði, en þó virðist sem Hermigervill eigi jafn erfitt með að halda uppi stuði og aðrir með að drekka vatn.

HVERFISBARINN

Maðurinn með risafætuna mætir á Hvebbann annað kvöldið í röð og spilar tónlistina þína.

PRAVDA

Diskódiskókvöld. Hvað er hægt að segja annað en góða skemmtun?

VIKAN

OLIVER

Jazzy havanas verða með fjör í gangi á sunnudagskvöldið. Þeir byrja að spila klukkan hálf tíu og verða eitthvað fram eftir. Stuhuð.

ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARINN

Það verður fjör í Þjóðleikhúskjallaranum á fimmtudaginn þegar breska hljómsveitin Rushes mætir aftur til landsins eftir vel heppnaða upptöku á Airwaves. Það eru sveitirnar Bluebird og Idir sem sjá um upphitun eins og ekkert sé eðlilegra.

PRIKIÐ

EKKI benda á mig. Segir Mýrdalinn. Þið munið öll hann Mýrdal sem eitt sinn var með sjónvarpsþáttinn sívinsæla Spritz TV á Popptví í gamla daga. Hann mun spila á Prikinu á sunnudaginn. Þá mun án efa lagið Take it easy fá að hljóma hátt og skýrt. Maggi í Úlpu spilar svo á mánudaginn, DJ Kári á þriðjudaginn, Heiðar og Raggi úr Botnleðju á miðvikudaginn og á fimmtudaginn verður það svo Maggi Legó sem snýr aftur eftir langt hlé. Þétt dagskrá á Prikinu alla vikuna.

LANDSBYGGÐIN

RÁIN KEFLAVÍK

Meistari Rúnar Þór og hljómsveit hans leikur á Ránni í Keflavík bæði föstudags- og laugardagskvöld. Óhætt er að mæla með þessari skemmtun fyrir þá sem verða á Suðurnesjunum yfir helgina.



SJALLINN AKUREYRI

Á föstudagskvöldið stígur Auðunn Blöndal á stökk og verður með Typpatal í leikstjórn Sigga Sigurjóns Spaugstofumanns. En á laugardaginn mæta strákarnir í Skítamóral og halda uppi fjörinu langt fram eftir nóttu. Miðaverð er 1500 kr í forsölu til kl. 01.00 á laugardagsnótt en eftir það 1800 kr.

DÁTINN AKUREYRI

Á föstudagskvöld verður það DJ-drottningin Lilja sem þeytir skífum og gerir allt vitlaust. Þá verður Dátinn góði með tilboð á köldum.

PLAYERS KÓPAVOGI

Á föstudag spila Papar írski þjóðlagatónlist í bland við íslenska sníld. Þar geta Kópavogsbúar og nærsveitungar tekið snúning og hitað upp fyrir árshátíð Breiðabliks sem er á laugardag. En þar verða einmitt Papar að spila. Á laugardag koma svo þeir Kristján og félagar í Spútnik og taka völdin. Spútnik er skemmtileg hljómsveit sem fólk á öllum aldri getur haft gaman af.

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVI Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR

101

Ásmundur Ásmundsson sýnir myndlist, sýningin verður til 25. febrúar

AURUM

Ljósmyndarinn Katrín Elvarsdóttir sýnir myndir sem eru hluti af Heimþrá-seríunni. Síðustu forvöð!

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjöunda í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki – listhlöðu í Borgarbókasafni.

BAKSALURINN Í GALLERÍ FOLD

Laugardaginn 4. febrúar opnaði Hulda Vilhjálmsdóttir málverkasýningu í Baksalnum í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýningin heitir Náttúrusköpp – the nature shape in creation. Opnið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 16.00 og sunnudaga frá kl. 14.00 til 16.00 meðan á sýningunni stendur.

CAFÉ KAROLÍNA

Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta státað af.

ENERGIA

Erla M. Alexandersdóttir sýnir akrýl- og olíumálverk. Út febrúar.

GALLERÍ I8

Ólafur Gíslason opnaði sýningu í i8 fyrir skemmstu sem mun standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að skoða.

GALLERÍ BOX

Arna Valsdóttir sýnir á laugardag frá 14-17. LOKADAGUR.

HALLGRÍMSKIRKJA

Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til loka febrúar.

KAROLÍNA RESTURANT

Enginn annar en Óli G. verður með sýningu til loka apríl-mánaðar. Sýningin kallast Týnda fíðrildið.

LISTASAFN ÍSLANDS

Myndlist II. – Um rými og frásögn. Þrettán íslenskir samtímalistamenn sýna list sína. Sýningin stendur til sunnudags.



LISTASAFN KÓPAVOGS

Á efri hæðinni er það Kristín Þorkelsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugsins, verða í vestursal safnsins. Á neðri hæð safnsins er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Myndheimur Jónu Þorvaldsdóttur af draumkenndum blæ, sveipaður dulúð og mýkt sem hefur seiðandi áhrif á áhorfandann er til sýnis í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Jóna hefur farið víða um heiminn og tekið myndir á hinum ýmsu stöðum. Flott sýning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Myndir eftir Erró eru til sýnis og mun sýningin vera til 23. apríl.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

120 ár frá fæðingu málarans Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Sýningin mun standa til 19. mars

NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið klikkar aldrei, hvort sem er til að fá sér smá í gogginn, glugga í blöð eða eins og við leggjum til að þið gerið, skella sér á myndlistarsýningu. Núna stendur yfir mjög áhugaverð sýning þriggja finnskra listamanna. Endilega kík- ið við eða skoðið slóðina: www.safn.is

NÝLISTASAFNIÐ

Stillansar heitir samsýning Önnu Guðjónsdóttur, Önnu Hallin og Önnu Líndal. Sýningin opnar á laugardag og stendur til 5. mars.

SKÚLATÚN 4

Hér er sýning og samsuða margra listamanna. Þessir listamenn eru úr hinum ýmsu áttum og gæti verið áhugavert að líta þar við.

THORVALDSEN

Bjarni Helgason sem er grafískur hönnuður hefur opnað sýningu sem ber nafnið „Ostranenie; sjónræna, tónræna“.

TÍSTUDÝR Á MOKKA

Á Mokka stendur yfir sýning á verkum Lindar Völundardóttur sem búsett er í Hollandi. Sýningin samanstendur af ellefu ljósmyndun af „tístudýrasafni“ Lindar. Sýningin stendur til 24. febrúar.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Verk íslenskra myndlistakvenna í Bogasal, til 28. maí. Auk þess sem sýningar verða á ljósmyndum þeirra Marci Paluzzo og Péturs Thomsen.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR



CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren er í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.



FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Fyrir þá sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtistykki: Hei, kaupu þér miða og farðu klukkan átta í kvöld!

MANNTAFL

Það eru síðustu sýningar á einleik Þórs Túlníus. Núna fer hver að verða síðastur að tékka á þessu snilldarleikriti sem er sýnt í Borgarleikhúsinu. Í kvöld er aukasýning og mun hún byrja klukkan átta.

NAGLINN

Nýtt verk eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeittum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

HIMNARÍKI

Var fyrst sýnt 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G, Elma Lía og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta briliant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatali og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir þýðingu Jóns Atla Jónssonar. Höfundurinn Richard Herring byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjáns karlmannsins er svarað. Sýningin hefst klukkan hálfniú á NASA en húsið opnar klukkan átta.

LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

CARMEN


Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin er klukkan fjögur ídag og einnig er sýning klukkan átta.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Fyrir þá sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtistykki: Hei, kaupu þér miða og farðu klukkan sjö í kvöld eða á aukasýninguna sem er klukkan tíu í kvöld.



NAGLINN

Nýtt verk eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren er í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýrana.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum á óvart hvað varðar leik og tilburði.

HIMNARÍKI

Var fyrst sýnt 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og verið sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G, Elma Líska og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta

KALLI Á ÞAKINU.

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta briliant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatali og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir þýðingu Jóns Atla Jónssonar. Höfundurinn Richard Herríng byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmannsins er svarað. Sýningin hefst klukkan hálfnú á NASA en húsið opnar klukkan átta.

SUNNUDAGUR 12. FEBRÚAR



ÖSKUBUSKA

Þetta magnaða ævintýri verður frumsýnt í Íslensku óperunni um helgina. Þarna fara okkar fremstu söngvarar með stór hlutverk en ber þar hæst að nefna hinn unga og myndarlega Garðar Thor Cortés. Uppselt er á frumsýninguna en til eru lausir miðar á næstu sýningar.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Þetta verk er stakasta snilld, hressandi og skemmtilegt á alla staði. Sýningin er sýnd á Smíðaverkstæðinu.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

KALLI Á ÞAKINU.

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann. Það verður einnig aukasýning á þessu vinsæla leikriti klukkan fimm.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýraheim H.C. Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum frá þeim danska höfundu. Björgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu annars mjög flotta verki. Sýningin var fyrst sett á koppinn í fyrravetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan tvö og er hún sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónsson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins MindCamp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Einkar áhugaverð sýning.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur í Smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

MÁNUDAGUR 13. FEBRÚAR

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

ÞRIÐJUDAGUR 14. FEBRÚAR

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

FORSALA HEFST Á MARÍUBJÖLLU

Mánudaginn 6. febrúar hófst miðasala á Maríubjölluna en leiksýningin verður frumsýnd fimmtudaginn 16. febrúar. Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrrkomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

MIDVIKUDAGUR 15. FEBRÚAR

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn „Alveg BRILLJANT skilnaður“ gerist í næsta nágreinni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofurhvunn-dagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á Litla sviði.

FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR



BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði.

**GRUNNURINN
Á DRYKKURINN MINN**

**VIL EKKI ÞUNNAN
UPPÁHELLING**

„Humm, drykkurinn minn, æji úff ég veit það ekki, ég stend bara á gati. Ég drekk bara allt sem í mig er látið en það sem ég drekk alls ekki er vont kaffi, svona þunnur uppáhellingur. Ef ég fæ svona þunnan uppáhelling verð ég bara leiður. Nei, ég verð ekki bara leiður heldur verð ég bara sorgmæddur.“

Atli Rafn Sigurðarson leikari.





Fæst án
lyfseðils

Við vöðva-
og liðverkjum



Voltaren Emulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

MAKEOVER-KÓNGUR GERIST TILRAUNADYR

HÍÐ SVOKALLAÐA „SPREY-TAN“ HEFUR TRÖLLRÍÐIÐ ÍSLENSKA BRÚNKUMARKAÐNUM OG ÓTRÚLEGUSTU MENN GANGA NÚ UM BÆINN VEL TANADIR UM HÁVETUR. NÝVERIÐ KOM TIL LANDSINS NÝ GRÆJA SEM GERIR FÓLKI KLEIFT AÐ SPREYJA BRÚNKU Á SIG SJÁLFT. SIRKUS REYKJAVÍK FÉKK ÍSLENSKA MAKEOVER-KÓNGINN VILLA WRX TIL AÐ LÁTA PARTY HANZA, ANNAN STJÓRNANDA ÞÁTTARINS „KALLARNIR“, TIL AÐ SPREYJA Á VILLA SMÁ BRÚNKU.

SAMAN FYRIR SPREYIÐ! MAKEOVER-KÓNGURINN VILLI ÁSAMT PARTY HANZA SEM HEFUR GETIÐ SÉR GOTT ORÐ Í SJÓNVARPSÞÆTTINUM KALLARNIR Á SIRKUS. HANZI HELDUR Á NÝJU GRÆJUNNI SEM GERIR FÓLKI KLEIFT AÐ SPREYJA SJÁLFT Á SIG BRÚNKUNNI.



NÝVAKNAÐUR VILLI! WRX HÁLS-BROTNADI Á DÖGUNUM OG ÞAÐ LEYNI SÉR EKKI AÐ HANN VAR NÝVAKNAÐUR ÞEGAR PARTY-MAÐURINN MÆTTI TIL AÐ TAKA HANN Í GEGN.



HAFIST HANDA! PARTY HANZI SEM EITT SINN VAR KALLAÐUR TAN WALKER KANN SITT FAG. HANN BYRJAR AÐ SPRAUTA BAKIÐ NEÐST OG FÆRIR SIG OFAR. ÞAÐ LEYNI SÉR EKKI Á GLOTTINU AÐ HANN HEFUR GAMAN AF ÞESSU.



BAKIÐ BRÚNT! GREINILEGT AÐ NÝJA GRÆJAN SVÍNVIK-AR. SJÁIÐ HVAD BAKIÐ ER BRÚNT EN MAGINN HVÍTUR.



GEIR ÓLAFS? HÁRIÐ HANS VILLA ER ORÐIÐ NÁNAST EINS OG HÁRIÐ Á GEIR ÓLAFS. VILLI ER ORÐINN BRÚNN OG SÆLLEGUR ÞÖKK SÉ ÞESSU NÝJA UNDRATÆKI.



ANDLITIÐ TEKUR VIÐ SÉR! SJÁIÐ HVAD ANDLITIÐ ER FLJÓTT AÐ TAKA VIÐ SÉR. ALLT ANNAÐ AÐ SJÁ KAPPANN.



SEXY BASTARD! VILLI WRX ER KYNÞOKKA-FULLUR. SJÁIÐ BYSSURNAR Á MANNINUM! ÞAÐ ER LJÓST AÐ HANN HEFUR TEK- IÐ SIG ALLSVAKALEGA Á Í RÆKTINNI.

SIRKUS-MYNDIR – E.ÓL

FRAMLEIÐUM HAS-BEENS Á FÆRIBANDI HÉRNA Á KLAKANUM!

Það er til rosalega mikið af white trash-hyski héma á klakanum. En það er svo sem ekkert hægt að gera í því, þetta er til alls staðar. En það hefur stundum gerst að þetta pakk nær einhvern veginn að troða sér í fjölmíðla. Svona eins og t.d. með því að opna hópbloggheimasíðu með nokkrum félögum eða vera reglulegur gestur hjá Tvihöfða back in the days. En inn á milli leynast gullmolar, svona eins og The Gills. Hann er náttúrulega bara einstakur kappinn, búið að vera frábært að fá að fylgjast með honum.

Við félagarnir höfum oft verið að hlæja að því að þegar frægðarsól þessa fólks hnigur reynir það oft örvæntingarfullar leiðir til þess að koma sér aftur í fjölmíðlana. Taktíkin sem oftast er tekin er að reyna að koma sér í eitthvert viðtal og segjast vera orðinn leiður á frægðinni. Eða þá að flytja út á land og segja að ástæðan fyrir flutningunum sé mikil þensla. Ég er með hugmynd fyrir ykkur has-beens, annaðhvort hættið bara að reyna að koma ykkur í blóðin og gerði eitthvað annað eða víðurkennið bara að þið séuð búin að skíta á ykkur. Þegar Hreimur kom í DV og sagðist vera búinn að fá nóg af því að vera frægur og ætlaði að draga sig úr sviðsljósinu vissi enginn hver Hreimur var. Biddu, hver er það? Er hann í Buttercup? Nei, hann er vændiskonan sem Árni Johnsen löðrungaði einu sinni.

Mér fannst mjög leiðinlegt að sjá um daginn að hún Beta Rokk var að ráðast á þjóðargerseminu og snillinginn Geir Ólafsson. Hvernig er hægt að ráðast á mann sem hefur aldrei gert flugu mein? Málið er bara það með hann Geir að hann hefur aldrei sagt neitt slæmt um neinn mann. Það er rosalega auðvelt að koma með opið bréf til hans og drulla yfir hann því hann mun ekki svara fyrir sig. Það er allt í lagi að skjóta á Eddie Murphy, hann svarar bara og drullar yfir þig til baka. En að góðmenni eins og Geir Ólafsson þurfi að sitja undir svona skít frá einhverri Betu Has-Been Rokk. Hún var vinsæl fyrir 15 árum síðan þegar hún kom með ríðingasögur af sjálfri sér í Tvihöfða. Nennir einhver að gefa Betu Rokk newflash og láta hana vita að Tvihöfði er hættur? Þetta er örvæntingarfull og nasty leið til þess að reyna að koma sér aftur í sviðsljósið. Ég hvet bara hann Geir að kæra kvikindið, hún á ekki að komast upp með það að tala svona um Geir og Ásdís. Ég hef nú kynnst henni Ásdís og þetta er yndisleg kona. Að Beta Rokk sé að tala illa um hana minnir mig svolítið á það þegar Jordan var með



leiðindi við Victoriu Beckham. White trash götustelpa vs. high class dama.

Núna talar fólk um lítið annað en Eurovision, aldrei þessu vant er bullandi stemning fyrir þessu. Ég er búinn að vera að predika það í mörg ár að ef við viljum ná árangri í þessari Eurotrash-keppni þurfum við að fara með show út. Það þurfa að vera heitir gæjar, heitar kellingar, sprengingar á sviðinu, bleikar nærbuxur og lasershow. Þetta er fórnin til þess að ná árangri.

Ég og allir mínir félagar erum búnir að fá hvert eitt og einasta lag sent í meili úr þessari keppni. Lagið hennar Silvíu var ekkert það eina sem lak á netið. En munurinn á því að fá lagið hennar Silvíu sent í meili og hinna keppendanna er mjög einfaldur. Maður hægríklíkaði á lagið hennar Silvíu og gerði save target as, en maður gerði move to Junk-Email folder við hin lögín. Og hver er ástæðan fyrir því? Jú, því hin lögín tottuðu konunglegan. Silvia var búin að vinna þessa keppni á sömu sekúndu og hún ákvað að fara í hana.

Loksins sendum við líka flippara út. Það er ekki töff að taka þessa Eurotrash-keppni af alvarlega. Og fyrir ykkur hálfvitana sem muldrið nefmælt út úr ykkur: „Hvað með landkynninguna, ekki er þetta góð landkynning?“ Hafði þið séð Björk!? Hún mætti á Óskarinn í mörgsærgallu. Það halda hvort sem er allir að Íslendingar

séu kolgeðveikir þannig að látið kork í ykkur. Síðan var maður handtekinn í Kaupmannahöfn um daginn fyrir að fróa sér á almanna-færi, getið einu sinni hvaðan hann kom. Jú, Íslandi.

Ég og Doddi litli vorum búnir að ræða það að taka þátt, mæta þá með skothelt partílag sem myndi að sjálf-sögu slá í gegn. En við munum væntanlega sjá um þetta á næsta ári. Þóður Helgi Þórðarson og Neggerinn berir að ofan á sviðinu, ef það er ekki ávisun á fyrsta sætið þá veit ég ekki hvað!

Þangað til næst! Sæðu þessu á Kv, Gills



31

20.000 kr. LÆKKUN!

Einstakt afmælistilboð á Fender og Guild kassagíturum með hörðum tösikum.

Í tilefni af 60 ára afmæli Fender bjóðum við þessa gæðagripi á frábæru verði.



DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006



Fender ESD
Handsmíðaðir í Ensenada í Mexíco úr sérvöldum gæðaviðartegundum
frá 59.900 kr.
áður frá 79.900 kr.

GUILD GAD-50
49.900 kr.
áður 69.900 kr.
Sunburst og Natural



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ